



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félagsvísindadeild

Eyjaverkefnið

Áfengis- og vímuefnaneysla ungs fólks á
aldrinum 16 til 17 ára

Þórunn Steindórsdóttir

M.A. ritgerð í félagsfræði nr. 2262
Leiðbeinandi: Dr. Þórólfur Þórlindsson
Febrúar 2004

Útdráttur

Þessi rannsókn er liður í Eyjaverkefninu sem er samvinnuverkefni. Á haustdögum 2001 hófst samstarf Áfengis- og vímuvarnaráðs við Nuuk kommúnu í Grænlandi, Landskapsstyrelsen á Álandi og Fyribyrgingaráðið í Færeyjum um samnorraent verkefni á sviði forvarna. Verkefnið nýtur styrks frá norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið hefur hlotið nafnið Eyjaverkefnið og er í senn rannsókn og forvarnarverkefni. Rannsóknin var gerð haustið 2002 og náðu til nemenda á fyrsta ári í tveimur framhaldsskólum á Íslandi. Skólarnir tveir eru á saman upptökusvæði. Lagðir voru spurningalistar fyrir nemendur og viðtalsskema var lagt fyrir umsjónarmenn stuðningshópanna. Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við tiltekna nemendur.

Ákveðin kaflaskil verða í lífi unglinga þegar þeir ljúka grunnskóla. Flestir fara áfram í framhaldsskóla þó einhverjir geri hlé á skólagöngu um sinn. Fyrir suma er þetta stærra stökk en fyrir flesta þar sem að þeir þurfa að flytja að heiman til að sækja skóla fjarri heimabyggð. Nemendur sem búa fjarri heimabyggð virðast ekki drekka marktækt meira en þeir sem búa heima hjá foreldrum. Hins vegar leiðir þessi rannsókn í ljós að munur er á áfengisneyslu nemenda eftir því hvort vinir þeirra drekka áfengi og eftir því hvort jákvætt viðhorf til áfengisneyslu sé ríkjandi meðal þeirra. Einnig virtist vera sem munur væri á áfengisneyslu milli skóla. Niðurstöðurnar sem fram koma í þessari rannsókn benda til þess að menning svæðann hafi nokkuð með það að segja hvernig áfengisneyslu nemenda er háttáð innan skólanna.

Að lokum við ég þakka efturtöldum aðilum fyrir dyggann stuðning og gott samstarf.

Skólameisturum þátttökuskólanna
Umsjónarmönnum stuðningshópanna
Áfengis- og vímuvarnaráði
Sigríði Huldu Jónsdóttur, Öнна Sigurðardóttur og Björg Birgisdóttur
Starfsfólki Lýðheilsustöðvar
Leiðbeinendum mínum

Og síðast en ekki síst fjölskyldu minni

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 3-4
Kenningalegur bakgrunnur	bls. 5-18
<i>Unglingurinn</i>	<i>bls. 5-6</i>
<i>Samfélagsleg gildi og áfengisneysla unglunga</i>	<i>bls. 6-8</i>
<i>Félagsmótunaráhrif</i>	<i>bls. 8-13</i>
<i>Sérstaða eyríkja</i>	<i>bls. 14-16</i>
<i>Félags- og menningarlegir þættir</i>	<i>bls. 16-17</i>
<i>Tilgátur</i>	<i>bls. 17-18</i>
Aðferðafræðikafli	bls. 19-35
<i>Úrtak</i>	<i>bls. 19-22</i>
<i>Framkvæmd</i>	<i>bls. 22</i>
<i>Breyturnar</i>	<i>bls. 22-35</i>
Stuðningsverkefnið	bls. 36-38
<i>Markmið</i>	<i>bls. 37-38</i>
<i>Lýsing</i>	<i>bls. 38-39</i>
<i>Framkvæmd</i>	<i>bls. 39</i>
Niðurstöður	bls. 40-67
<i>Kynjaskipting</i>	<i>bls. 40-43</i>
<i>Búseta á meðan á skóla stendur</i>	<i>bls. 44-46</i>
<i>Vasapeningar</i>	<i>bls. 46-48</i>
<i>Vinna með skóla</i>	<i>bls. 48-49</i>
<i>Einkunnir</i>	<i>bls. 49-51</i>
<i>Viðhorf til skóla</i>	<i>bls. 51</i>
<i>Samkomulag við bekkjarfélaga</i>	<i>bls. 51-52</i>
<i>Viðhorf til námsins</i>	<i>bls. 52-53</i>
<i>Foreldralaus party</i>	<i>bls. 53-54</i>
<i>Staða í námi</i>	<i>bls. 54-55</i>
<i>Stuðningur og aðhald foreldra</i>	<i>bls. 55-56</i>
<i>Jákvæð viðhorf til áfengisneyslu</i>	<i>bls. 56</i>
<i>Vinahópurinn</i>	<i>bls. 56-57</i>
<i>Sjálfsmynd og sjálfsmat</i>	<i>bls. 57-58</i>
<i>Áfengisneysla síðustu 30 daga</i>	<i>bls. 58-61</i>
<i>Ólögleg vímuefnaneysla</i>	<i>bls. 61-63</i>
<i>Viðhorf til heimabyggðar og skólasvæðis</i>	<i>bls. 63-64</i>
<i>Tilgátuprófanir</i>	<i>bls. 64-67</i>

Mat á stuðningskerfinu	bls. 67-74
<i>Áfengisneysla og áhrif flutningsins</i>	<i>bls. 68-72</i>
<i>Mat umsjónarmanna</i>	<i>bls. 72-74</i>
Umræðukafli	bls. 74-77
Heimildaskrá	bls. 78-82
Myndaskrá	bls. 83-84
Töfluskrá	bls. 84-86
Viðauki	

Inngangur

Rannsóknin¹ sem hér er fjallað um gengur út á að kanna hvort áfengis- og vímuefnaneysla og lífsstíll nýnema í framhaldsskóla sem þurfa að sækja skóla fjarri heimabyggð sé öðruvísi en hjá þeim sem búa í foreldrahúsum meðan á skólavist stendur.

Finna má fjölmargar innlendar rannsóknir varðandi neyslu og menningu barna og unglunga á aldrinum 13-15 ára (Thorlindsson og Vilhjalmsson 1991; Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 1997; Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, og Viðar Halldórsson, 1998) Minna er til af rannsóknum um neyslu og lífsstíl ungs fólks á framhaldsskólaaldri. Þess vegna er sjónum beint að nemendum á framhaldsskólastigi, sérstaklega þar sem rannsóknir benda til að neyslan hefjist eða aukist við þau tímamót að námi í grunnskóla lýkur.

Áfengisneysla unglunga er almennt talin óæskileg. Óheimilt er samkvæmt lögum að selja, veita eða afhenda unglungum áfengi (Áfengislög nr. 5/1998, 18. gr.). Þrátt fyrir þetta hafa flestir unglingar prófað að neyta áfengis áður en þeir ljúka grunnskólaprófi á 16. aldursári (Rannsóknir og greining, 2003). Margvíslegir þættir geta haft áhrif á það hvort unglingar byrja að neyta áfengis- og vímuefna. Eyjaverkefnið byggir á eldri rannsóknum á þessum þáttum og leitast er við að heimfæra þær upp á viðfangsefnið eftir því sem við á. Markmið rannsóknarinnar er m.a. að kanna hvaða áhrif það að flytja að heiman hefur á áfengisneyslu

¹ Á haustdögum 2001 hófst samstarf Áfengis- og vímuefnaráðs við Nuuk kommúnu í Grænlandi, Landskapsstyrelsen á Álandi og Fyrirbyggingaráðið í Færeyjum um samnorrænt verkefni á sviði forvarna. Verkefnið nýtur styrks frá norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið hefur hlotið nafnið Eyjaverkefnið og er í senn rannsókn og forvarnarverkefni.

framhaldsskólanema, skoða samspil umhverfis og neyslu, athuga hver áhrif jafningjahópsins eru og með hvaða hætti sjálfsmynd einstaklingsins getur tengst áfengisneyslu.

Þegar fjallað er um áfengisneyslu meðal unglunga er nauðsynlegt að skilgreina viðhorf til áfengisneyslu þeirra. Í þessari rannsókn er litið svo á að áfengisneysla þessa aldurshóps sé óæskileg af nokkrum ástæðum. Samkvæmt lögum er hún ólögleg og því er hægt að skilgreina hana sem frávikshegðun af hálfu samfélagsins, jafnvel þó stór hópur unglunga telji áfengisneyslu sjálfsagðan hlut innan hópsins. Á félagsmótunarskeiði unglingsáranna er viss tilhneiging til að reyna sitt af hverju og þessi ár einkennast oft af ögrandi hegðunarmynstri og er neysla áfengis dæmi um það. Í ljósi þess að heili unglingsins er enn í mótun þá má rökstyðja að áfengisneysla geti haft slæm áhrif á líffræðilegan þorska þeirra, m.a. á þroska miðtaugakerfisins (Helgi Gunnlaugsson, 2001). Auk þess er félagsmótun flestra unglunga skammt á veg komin sem að einhverju leyti gerir þá móttækilegri fyrir tilraunum og nýjungum af ýmsum toga. Neysla vímuefna fylgir aukin hætta á að lenda í allskyns óhöppum og er sú áhætta að minnsta kosti jafn mikil hjá unglungum og hjá fullorðnum.

Segja má að rannsókn þessi sé tvíþætt. Annars vegar er verið að afla upplýsinga um líðan og hagi framhaldsskólanema m.a. um áfengis- og vímuefnaneyslu, félagslega stöðu, viðhorf þeirra o.s.frv. Hins vegar er leitast við að meta áhrif af þátttöku ákveðins hóps nemenda í stuðningshópi.

Þess er vænst að þær upplýsingar um áfengisneyslu ungs fólks og sú þekking á þáttum sem tengjast henni og aflað er með rannsókn þessari feli í sér mikilvæga vitneskju um líðan og gengi ungs fólks sem flyst að heiman til að sækja framhaldsskólanám. Vonast er til að nýta megi niðurstöðurnar til stefnumótunar í málefnum þessa hóps, meðal annars innan menntakerfisins.

Kenningalegur bakgrunnur

Fræðilegar hugmyndir um viðfangsefni unglunga og þann lífsstíl sem einkennir þetta æviskeið eru fjölmargar. Hér á eftir verður greint frá nokkrum þeirra og þær sem helst falla að viðfangsefni rannsóknarinnar dregnar sérstaklega fram.

Unglingurinn

Umræða um unglunga sem tiltekinn þjóðfélagshóp hófst fyrir alvöru við upphaf síðustu aldar, þó finna megi heimildir fyrir slíkri umfjöllun fyrir þann tíma. Á tímum iðnbyltingarinnar var farið að líta á unglunga sem sérstakan þjóðfélagshóp. Með tæknivæðingu iðnaðarins jókst þörfin fyrir fræðslu og kennslu á þau tæki og tól sem þróuð höfðu verið til framleiðslu. Iðnbyltingin gerði kröfu um aukið skipulag og stöðlun á fræðslu barna og unglunga (Lightfoot, 1997; Hildigunnur Ólafsdóttir, 1982). Eldri börn urðu með þessu sýnilegri og til varð nýtt æviskeið, unglingsárin. Áður má segja að æviskeiðin hafi verið tvö, barnæskan annars vegar og fullorðinsárin hins vegar. Eftir að unglungurinn kom til sögunnar er hægt að rökstyðja að hver einstaklingur fari a.m.k. í gengum þrjú æviskeið. Í fyrsta lagi er um að ræða tímabil bernsku frá fæðingu fram til 13 ára aldurs. Frá 13 ára aldri og fram til 18 ára taka unglingsárin við og loks fullorðinsárin eftir það. Í kristnum sið var fermingin táknræn athöfn þar sem verið var að taka börn í tölu fullorðinna. Nú mætti kannski frekar segja að með fermingunni sé verið að vígja börn inn í unglingsárin.

Það er athyglisvert að þegar farið var að skrifa um unglunga þá snérist skrifin afar fljótt um það hve mikil vandræði fylgdu þessum aldurshópi. Unglingum er oft lýst sem ærslafullum, ábyrgðarlausum, taumlausum og með óhóflega sjálfstæðistilfinningu (Lightfoot, 1997). Sé þessi lýsing að einhverju leyti rétt er forvitnilegt að komast að hvers vegna slíkur órói einkennir þetta aldursbil. Er þessi

órói kannski eitthvað tengdur því að einstaklingurinn er ekki lengur barn en þó ekki orðinn fullorðinn? Hafa viðmið og gildi þessa hóps verið skilgreind nógu vel? Er þeim og öðrum ljóst til hvers er ætlast af þeim? Hefur samfélagið hugsanlega ekki komið til móts við þarfir þeirra?

Samfélagsleg gildi og áfengisneysla unglinga

Við þessa þróun hefur orðið til sérstök unglíngamenning. Unglíngarnir skera sig oft og tíðum úr í hegðun, klæðaburði, áhugamálum, tónlistarsmekk o.s.frv. Þessi unglíngamenning er alþjóðleg og er henni komið á framfæri með skipulagðri markaðssetningu. Fyrirmyndirnar er m.s. að finna í kvíkmyndum, sjónvarpi, auglýsingum, tónlistarmyndböndun og tímaritum. Segja má að í nútímasamfélaginu fái fjölmiðlar sífellt stærra hlutverk í félagasmótunarferli einstaklingsins. Þetta verður mjög áberandi þegar unglíngamenningin er skoðuð þar sem að unglíngamenningin er alþjóðleg og með svipuðu sniði um allan heim. (Þórólfur Þórlindsson ofl. 2003)

Áfengisneysla meðal unglínga hefur af mörgum verið álitin áhættuþáttur sem leitt getur til vandræða. Enda hafa rannsóknir sýnt að því fyrr sem unglíngur byrjar að drekka áfengi því meiri líkur eru á að hann lendi í vandræðum vegna neyslunnar síðar á ævinni. Þær benda einnig til að því fyrr sem unglíngar hefja neyslu áfengis því meiri líkur eru á að þeir eigi eftir að neyta annarra vímuefna (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 1997; Hawkins et.al., 1997). Annað sem rennir stoðum undir að hægt sé að skilgreina áfengisneyslu unglínga sem áhættuþátt eru niðurstöður nýlegra rannsókna á áfengisneyslu unglínga í 10. bekk. Í þessum rannsóknum er að finna vísbendingar um að ungmenni lendi oft í vandræðum vegna ölvunar sinnar. Sem dæmi um þetta mætti nefna þegar drukknir unglíngar sofa hjá einhverjum sem þeir hefðu ekki gert ef þeir hefðu verið edrú og sjá eftir því daginn eftir (Hibell, 2000). Rannsóknirnar sýna einnig að þó hlutfall þeirra sem segjast hafa drukkið einhvern

tímam um ævina lækki milli árána 1993 og 2003 þá virðast þeir sem drekka hafa aukið neysluna, með því að innbyrða meira magn af áfengi í hvert skipti (Rannsóknir og greining, 2003).

Þegar rætt er um áfengisneyslu unglunga sem vandamál er reynt að draga fram í dagsljósið ýmsar ólíkar kenningar sem varpað geta ljósi á ögrandi hegðun unglunga. Helstu kenningarnar sem fræðimenn hafa notað í þessu samhengi eru kenningar um félagslegt taumhald (social control theory), félagsmótunarkenningar af ýmsum toga (s.s. félagsnámskenningar og kenningar um ólík félagstengsl) einnig hafa margir byggt á lífsstílskenningum (Thorlindsson & Vilhjálmsson, 1991). Auk þess má finna rannsóknir sem byggja nokkuð á skrifum Durkheims (1951) um félagslega samstöðu eða félagslega einingu (social integration). Durkheim beindi sjónum sínum sérstaklega að sjálfsvígum þegar hann kom fram með kenningu sín um félagslega einingu. Þó er vel hægt að líta á hana sem almenna kenningu um frávikshegðun. Einstaklingur sem er í sterkum tengslum við samfélagið í heild og þá einstöku hópa sem hann tilheyrir, s.s. fjölskylduna, verður að teljast ólíklegri til að víkja út af viðurkenndum gildum sem ríkja í samfélaginu eða innan þess hóps sem hann tilheyrir. Sterk tengsl við þá grundvallarhópa samfélagsins gerir það að verkum að hið félagslega taumhald verður mjög virkt. Hér verður þó að taka tillit til þess hver viðmiðin og gildin eru. Ef samfélagið gerir ráð fyrir að unglingar drekki ekki áfengi eru þeir unglingar sem eru vel tengdir ólíklegri til að drekka. Ef samfélagið í heild, fjölskyldan og aðrir hópar sem unglungarnir tilheyra líta á áfengisneyslu unglunga sem eðlilega og sjálfsagða hegðun þá má reikna með að unglingar fylgi þeirri braut.

Áfengislög nr. 5/1998, 18. gr. kveða á um að ekki megi selja, veita, afhenda áfengi fólki undir 20 ára. Samkvæmt þessum lagaramma er hægt að tala um áfengisneyslu meðal unglunga sem afbrotahæðun þar sem að hann setur þau viðmið að fólk yngra en

20 ára hafi ekki aðgang að áfengi. Eru viðmið samfélagsins í samræmi við þessi lög? Í viðhorfskönnun sem IMG Gallup vann á árinu 2000 var spurt um viðhorf fólks til ýmislegs er snertir áfengisneyslu unglunga (IMG Gallup, 2001). Þar var m.a. spurt: *Nýlegar kannanir sýna að rúmlega 60% 15 ára unglunga á Íslandi hafa orðið ölvuð. Finnst þér þessi niðurstaða alvarleg eða ekki alvarleg?* Niðurstaðan var sú að um 90% svarenda taldi þetta frekar eða mjög alvarlegt. Einnig var spurt: *Á hvaða aldri finnst þér að unglingar mættu byrja að drekka áfengi?* Þar kom í ljós að um 73% telja eðlilegt að unglingar byrji að drekka einhvern tímann á aldrinum 16 til 19 ára. Þetta bendir til að breyting verði á viðhorfi fólks til neyslu unglunga eftir 16 ára aldur, en 25% svarenda taldi eðlilegt að unglingar hæfu neyslu á aldrinum 16-17 ára og 48% 18-19 ára. Einungis 19% svarenda taldi eðlilegt að ungt fólk hæfi neyslu á þeim aldri er löggjöfin gerir ráð fyrir eða 20 ára eða eldri. Af þessu má draga þá ályktun að ósamræmis gæti í viðhorfum samfélagsins og löggjafarinnar.

Félagsmótunaráhrif

Þar sem maðurinn er í eðli sínu félagsvera leitast hann við að skapa sér samfélag með öðrum og við slíkar aðstæður kemur upp þörf fyrir ákveðnar leikreglur. Þessar leikreglur geta verið eins ólíkar og þær eru margar, hvort sem er milli hópa, þjóðfélaga eða eftir tíma. Þó eru til nokkrar grundvallarleikreglur sem gilda nánast alls staðar í öllum hópum samfélagsins. Hver og einn tengist mismörgum og ólíkum hópum samfélagsins sem allir hafa sín eigin viðmið og gildi. Tengsl einstaklingsins við þá hópa sem hann tilheyrir hefur mikið að segja um viðmið hans, gildi og hegðun.


Kenning Durkheims (1951) um félagslega einingu er dæmi um nálgun sem tekur mið af þeim tengslum sem einstaklingurinn er í við hina ýmsu hópa samfélagsins. Í rannsóknum hans og annarra fræðimanna á þessu sviði er lögð áhersla á tvær víddir félaglegrar einingar (social integration), annars vegar stuðning (support) og hins vegar

á aðhald (control). Þær sýna að unglunga sem skortir stuðning og aðhald séu líklegri en aðrir til að neyta áfengis og annarra vímuefna (Þórólfur Þórlindsson ofl. 1998; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001).

Í rannsóknum á áfengis- og vímuefnaneyslu unglunga kemur í ljós að undantekningalaust er fjallað um tengsl unglingsins við foreldra sína og vini, enda hafa all margar rannsóknir sýnt fram á að þetta séu þeir þættir sem spá hvað best fyrir um áfengis- og vímuefnaneyslu unglunga (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001).

Uppeldisaðferðir foreldra eru af sumum fræðimönnum taldar skipta máli í þessu samhengi enda eru foreldrar einn af burðarstólpum félagsmótunar einstaklingsins. Í gegnum samskipti foreldra við börn sín miðla þeir viðhorfum og gildum sem þeir telja æskilegt að þau tileinki sér m.a. í sambandi við neyslu áfengis og annarra vímuefna (Baumrind, 1991). Í rannsóknum sínum hér á landi hefur Sigrún Aðalbjarnardóttir (Sigrún Aðalbjarnardóttir ofl. 2001) notað flokkun Lamborns og féлага, sem gerir ráð fyrir að til séu fjórar megin foreldratýpur; áreiðanlegir/styðjandi (authoritative), valdslegir (authoritarian), eftirlátir (indulgent) og afskiptalausir (neglectful) foreldrar. Niðurstöður hennar benda til að börnum og unglingum sem lýsa foreldrum sínum sem áreiðanlegum eða styðjandi reiði almennt betur af en þeim sem lýsa foreldrum sínum sem valdslegum, eftirlátum eða afskiptalausum. Unglingar í fyrrgreinda hópnum hafa tilhneigingu til að drekka síður, reykja síður og hafa síður notað önnur vímuefni. Í rannsóknum meðal nemenda í 10. bekk grunnskóla hér á landi hefur komið fram fylgni milli áfengis- og tóbaksneyslu unglunga og þess tíma sem þeir verja með foreldrum en þetta er hægt að sjá á mynd 1. (Rannsóknir og greining, 2002)

Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem neyta vímuefna eftir því hve oft þeir eru með foreldrum sínum á virkum dögum



© Rannsóknir og greining 2002

Í kenningum um ólík félagstengsl (Sutherland, 1947) og taumhaldskenningar (Hirshi, 1969) er fjallað um frávíkshæðun en ekki áhættuhæðun. Samkvæmt þeim er jafningjahópurinn talinn hafa jákvæð áhrif á frávíkshæðun en foreldrar hafa neikvæð áhrif á slíka hæðun. Með öðrum orðum að jafningjahópurinn geti aukið líkurnar á frávíkshæðun en foreldrar dregið úr líkunum. Hins vegar fer þetta eftir því hver jafningjahópurinn er hverju sinni.

Fjölmargar rannsóknir hafa útfært kenningar Sutherlands (1947) og Hirshis (1969) sem og annarra fræðimanna og bent á mikilvægi þess að foreldrar verji tíma með börnum sínum. Foreldrar sem verja miklum tíma með börnunum draga verulega úr líkum á að börnin leiðist út í frávíkshæðun af einhverju tagi. Með því að verja miklum tíma með börnunum og vera þeim góð fyrirmynd draga þeir úr möguleika og áhuga barnanna á að umgangast óæskilega jafningja og misstíga sig á einhvern hátt. Ef litið er á áfengisneyslu unglunga sem frávíkshæðun og þann tíma sem unglingur ver með foreldrum sem eitt af því sem hefur áhrif á það hvort hann hefur neyslu áfengis og annarra vímuefna þá ætti að finnast munur á neyslu þeirra sem búa heima hjá foreldrum og þeirra sem búa fjarri þeim.

DiBlasio (1986) setur fram félagsnámskenningu um að í gegnum ólík félagstengsl samsami unglingurinn sig mismunandi viðhorfum og gildum. Í rannsóknum sínum dregur hann fram sterkar vísbendingar um að unglingar sem hafa samskipti við vini sem aka undir áhrifum áfengis, eða eru farþegar í bíl með ölvuðum ökumönnum aki sjálfir undir áhrifum. Hér eru sem sagt tengsl milli viðhorfa og hegðunar vinahópsins og viðhorfa og hegðunar einstaklinganna innan hans. Jessor, Chase og Donovan (1980) fengu einnig samskonar niðurstöður um að samþykki vina gæti spáð vel fyrir margs konar ögrandi hegðun unglunga. Sambærilegar niðurstöður hafa komið fram í héraendum rannsóknum á vímuefnanotkun unglunga, þær benda eindregið til að vinahópurinn og viðhorf hans spái hvað best fyrir um vímuefnaneyslu þeirra sem honum tilheyrir (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Margir telja óljóst hvort einstaklingar læri þannig hegðun vegna þess að hann tilheyrir tilteknum hópi jafningja eða hvort hann sækir sérstaklega í ákveðinn hóp vegna þess að hann sækist eftir vissri hegðun. Kandel (1978) bendir á að val einstaklingsins og félagsmótun hópsins vinni saman að því að hegðun, viðmið og gildi hópsins verði sem líkust.

Rannsóknir hafa sýnt að áfengis- og vímuefnaneysla unglunga ræðst að verulegu leyti af jafningjahópnum og þeirri menningu sem viðgengst innan hans. Því er, í þessari rannsókn, unnið með rannsóknarspurningar er snerta áhrif jafningjahópsins. Er ákveðin menning tengd áfengisneyslu unglunga? Er áfengisneyslan tengd sérstökum viðburðum eða hópum innan skólans? Unnið er með tvær tilgátur um jafningjahópinn. Annars vegar að ef neysla er áberandi innan hópsins aukast líkurnar á því að einstaklingur sem tilheyrir eða vill tilheyrir hópnun hefji neyslu. Hins vegar að jákvætt viðhorf til áfengisneyslu innan hópsins auki líkurnar á því að einstaklingur hefji neyslu. Því jákvæðari sem jafningjahópurinn er því meiri neysla er innan hans. Segja má að aðstæður innan hópsins geri það að verkum að einstaklingar innan hans

taki upp viðurkennda hegðun hópsins og að það eigi sér tvær megin skýringar. Annars vegar er um að ræða hópprýsting þar sem einstaklingarnir láta undan þrýstingi frá hópnum. Hins vegar að fólk sæki í að umgangast þá sem hafa svipuð áhugamál, viðmið og gildi (Coggans og McKellar, 1994; Kandel, 1978). Hér eiga einnig við hugmyndir Edwards Sutherland (1947) um ólík félagstengsl (different association) sem ganga út á að einstaklingurinn myndi missterk tengsl við þá hópa eða einstaklinga sem hann umgengst. Sumir sækjast í að tengjast einum hópi umfram annan. Sá sem sækir í tengsl við hóp sem hefur jákvætt viðhorf til áfengisneyslu gerir þau viðhorf að sínum til að falla inn í þennan tiltekna hóp.


George Herbert Mead (1934) hefur verið einn af frumkvöðlum í því að rannsaka hvernig sjálfið og sjálfsmyndin þróast. Samkvæmt kenningum hans þróar einstaklingur sjálfsmynd sína í gegnum samskipti sín við aðra. Hann speglar sig í viðbrögðun annarra við hegðun sinni. Því er hægt að líta á hegðun unglunga, sem oft og tíðum er talin á skjön við viðmið og gildi samfélagsins í heild, sem leið þeirra til að átta sig á hverjir þeir í raun og veru eru. Þannig kanna þeir viðbrögð samfélagsins með því að ögra ríkjandi viðmiðum og gildum og skapa sér sérstöðu í samfélaginu. Þetta veldur oft togsteitu milli þeirra og fullorðinna. Skilgreining unglunga á viðmiðum og gildum innan hópsins samræmist oft og tíðum ekki þeim viðmiðum og gildum sem fullorðna fólkið telur að gilda eigi innan hans.

Sjálfsmynd okkar, viðmið og gildi þróast í samskiptum við aðra, þar skipta foreldrar mestu máli framan af en á unglingsárunum fara vinir og kunningjar að veða þyngra í sjálfsmyndarsköpun einstaklingsins (Freeman og Brown, 2001).

Hér er unnið með þá spurningu hvort nemendur sem sýna merki þess að hafa veika sjálfsmynd séu líklegri til að neyta áfengis og annarra vímuefna en þeir sem virðast hafa sterka sjálfsmynd. Tilgátan er sú að sterk sjálfsmynd auki líkurnar á að

nemendur sem hyggjast ekki drekka standist þann þrýsting sem frá jafningjahópnum kemur. Þessi þrýstingur þarf ekki endilega að vera beinn, heldur getur einnig verið óbeinn með þeim hætti að tiltekin menning sé við lýði í jafningjahópnum. Beinn þrýstingur getur falist í því að verið sé að ota áfengi að þeim sem ekki vilja drekka og reyna með beinum hætti að fá þá til að smakka áfengi. Eitt af því sem virðist einkenna jafningjahópinn er sú krafa að einstaklingarnir falli vel inn í hópinn, skeri sig ekki úr, hvort sem um ræðir í klæðaburði eða hegðun og viðhorfum. Óbeini þrýstingurinn felst í þessari kröfu, hafi unglingur ekki löngun, kjark eða styrk til að vera öðruvísi en hinir í hópnum er hann líklegur til að láta til leiðast á þeirri forsendu að hann vilji falla inn í hópinn og gera eins og hinir.

Á mynd 2 líkan þar sem er reynt að draga saman helstu áhrifaþætti, sem nefndir hafa verið hér að framan, í þróun sjálfsmýndar einstaklings.



Menning og samfélag:

Búseta

Einkunnir

Kyn

Fjárhagur

Persónulegir þættir s.s. sjálfstraust
og margt fleira

Sérstaða eyríkja

Eins og fram kemur í inngangi er þessi rannsókn liður í norrænu samstarfsverkefni fjögurra eyríkja. Það eru ákveðnir þættir sem einkenna og hafa áhrif á menningu slíkra samfélaga (Baldacchino og Milne, 2000). Þau einkennast oft af mikilli nálægð og samheldni sem síður finnst í stærri samfélögum. Viss tilhneiging er til að frændskapur og vinátta einkenni samskipti fólks, enda tengsl fólks alla jafna nánari en í fjölmönnum þjóðfélögum þar sem einstaklingarnir eiga auðvelt með að hverfa í fjöldann. Þetta hefur vissulega sína kosti og galla, „allir þekkja alla“ og erfitt er að eiga leyndarmál. Á móti kemur að boðleiðir eru styttri og einstaklingum finnst þeir hafa meira að segja fyrir samfélagið. Í slíkum samfélögum er hið félagslega taumhald oft og tíðum sýnilegra en annarsstaðar, ekki endilega sterkara heldur frekar með öðrum hætti. Félagslegt taumhald byggist á nálægð og daglegum samskiptum. Því er sett er fram sú tilgáta að taumhald foreldra veikist meðal þeirra sem þurfa að sækja skóla fjarri heimabyggð.

Unglingarnir sem við beinum sjónum að í þessari rannsókn búa í raun milli tveggja samfélaga. Annars vegar búa þeir hjá foreldrum sínum í heimabyggð og hins vegar út af fyrir sig eða með öðrum á skólasvæði sínu. Athyglisvert er að athuga hvort búseta hafi áhrif á lífsstíl þeirra. Flestir eru þeir að fara að heiman í fyrsta skipti og hefur það vissulega ýmsar breytingar í för með sér. Við gefum okkur að við þetta veikist tengsl einstaklingsins við þá hópa samfélagsins sem hann tilheyrir. Innan hvers og eins samfélags gilda almenn viðmið og gildi er snerta hin ýmsu málefni. Þó eru útfærslur þessara gilda með ólíkum hætti innan hvers hóps fyrir sig. Þessi grundvallar viðmið og gildi eru oftast en ekki sett og viðhaldið af hinum fullorðnu. Þetta er oft megin ástæða þess að togsteita myndast milli foreldra og unglunga, viðmið þeirra og gildi fara ekki alltaf saman.

Í samræmi við kenningu Durkheims ([1897] 1951) um félagslega einingu (Social Integration) er líklegt að því lausari sem tengsl einstaklingsins eru við samfélag fullorðinna því meiri líkur séu á að einstaklingarnir hunsi viðmið og gildi þess og fari sínar eigin leiðir. Því betri sem tengsl barna og unglunga er við foreldra sína, sem eru þegar allt er á botninn hvolft frumfélagsmótunaraðilarnir í lífi þeirra, því líklegra er að samræmi verði á milli viðmiða og gilda barna og foreldra. Ýmsar erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að sterk tengsl ungmenna við fjölskyldur sínar séu í mörgum tilvikum forsenda þess að þeim farnist vel í lífinu. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa m.a. sýnt fram á að stuðningur foreldra hafi áhrif á andlega líðan ungs fólks (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. væntanlegt). Eins hefur það sýnt sig að stuðningur og eftirlit foreldra og sá tími sem varið er með foreldrum hafi mikilvægt forvarnargildi fyrir vímuefnaneyslu ungs fólks (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Þá hefur komið fram að námsgengi þeirra sem eru í góðum tengslum við foreldra sína sé oftár en ekki eilítið betra en þeirra sem ekki njóta þess stuðnings og aðhalds sem felast í góðum tengslum við foreldra (Coleman, 1988). Allt bendir þetta til þess að góð tengsl ungmenna við foreldra sína skipti máli þegar lítur að velgegni í leik og starfi.

Það að flytja að heiman og inn í nýtt samfélag er á margan hátt spennandi en á sama tíma einnig nokkuð ógnandi. Sérstaklega þegar samfélagið sem farið er úr er mjög ólíkt því sem farið er inn í. Þegar unglingur kemur inn í nýtt umhverfi þar sem hugsanlega ríkjá ólík viðmið og gildi en hann er vanur er ekki ólíklegt að hann geti orðið óruggur með þau viðmið og gildi sem hann kemur með í farteskinu. Tilgátan er sú að þeir nemendur sem búa fjarri heimabyggð séu laustengdari en þeir sem búa í heimabyggð og að þá skorti að einhverju leyti þann stuðning og það félagslega aðhald sem þeir eru vanir. Hér er gengið út frá því að viðmið og gildi nýja samfélagsins sem þeir búa nú í fari ekki endilega saman við þau gildi sem fyrir hendi eru í

heimasamfélagi þeirra. Er hugsanlegt að þau viðmið og gildi sem ríkja innan þess samfélags sem þau flytja inn í taki yfir?

Félags- og menningarlegir þættir

Í rannsóknum á menningu eyríkja hefur komið fram að þau einkennist oft af víðsýni sem gæti tengst þeirri staðreynd að eyþjóðir hafa og munu alltaf hafa þörf fyrir samskipti við aðrar þjóðir sökum landfræðilegrar einangrunar. Til að mynda kemur fram í nýlegri rannsókn Þórodds Bjarnasonar (2003) þar sem ungt fólk var spurt hvar það myndi búa í framtíðinni að mjög margir horfa til útlanda. Áfengisneysla og neysluvenjur tengist oft og tíðum margvíslegum félags- og menningarlegum þáttum. Í vínreктarlöndum Evrópu er til að mynda að finna annars konar neyslumeningu heldur en í löndum þar sem vínreкт tíðkast ekki. Kynferði er líklegt til að hafa einhver áhrif, en íslenskar konur virðast almennt drekka minna og sjaldnar en karlar þó sá munur sé ekki endilega tölfræðilega marktækur (IMG Gallup, 2001). Erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt fram á aukna áfengisneyslu meðal kvenna (Ása Guðmundsdóttir og Hildigunnur Ólafsdóttir, 2001).

Samkvæmt rannsókn Beccaria og Guidoni (2002) á neysluvenjum ítalskra ungmenna kom fram að áfengisneysla hefur aukist meðal stelpna. Hins vegar kom einnig fram hjá þeim að neysluvenjur stelpna og stráka eru ólíkar. Samskonar þróun hefur átt sér stað á Íslandi, en niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið með reglulegu millibili á áfengisneyslu nemenda í efstu bekkjum grunnskólans benda til að áfengisneysla sé jafn algeng meðal stelpna og stráka og jafnframt að ölvunardrykkja stúlkna sé að aukast (Rannsóknir og greining, 2003).

Svipaðar niðurstöður má sjá í rannsókn (Anderson, 2003) meðal nemenda á öðru ári í sænskum framhaldsskólum. Þar kom fram að um 95% nemenda hefur einhvern tímann um ævina drukkið áfengi, 91% þeirra sögðust hafa drukkið áfengi síðasta árið,

um 85% sögðust hafa orðið ölvuð einhvern tímann um ævina, 80% nemenda sögðust hafa orðið ölvaðir einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum og um 60% sögðust hafa orðið það á síðastliðnum 30 dögum. Kynjaskiptingin í þessari könnun var nokkuð jöfn þó höfðu eilítið fleiri strákar en stelpur orðið ölvaðir á síðastliðnum 30 dögum.


Ráðandi viðhorf og menning samfélagsins ráða allnokkru um það hver viðhorf einstaklingsins verða og hvernig hann hegðar sér við tiltekna aðstæður. Því er vert að taka inn í myndina að nemendur búa við mismunandi aðstæður. Er munur á þessum tveimur samfélögum sem unglíngarnir búa við? Hvernig er menningin? Er munur á neyslu nemenda eftir því hjá hverjum þeir búa?

Bæði erlendar og innlendar rannsóknir sýna að fjárhagur geti haft áhrif áfengisneyslu fólks og því getur skipt máli hve mikla peninga nemendur hafa til ráðstöfunar. Einnig má gera ráð fyrir því að fjárhagur nemenda geti haft áhrif á skólamenninguna. Það er háð fjárhag þeirra hve miklum peningum þeir geta eytt í skemmtanir og hvernig skemmtanir verða fyrir valinu. Algengt er að nemendur í framhaldsskólum vinni með skólanum til að afla sér tekna. Hugsanlega er áherslan á fjárhagslegt sjálfstæði of mikil. Í könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi frá haustinu 2000 kom fram að 61,2% nemenda vinnur með skólanum og af þeim vinna tæplega 23% þeirra 15 klst. á viku eða meira (Rannsóknir og greining, 2000). Í sömu könnun kom fram að einungis 25,1% nemenda taldi sig hafa nægilega peninga til daglegra þarfa.

Tilgátur


Jafningjahópurinn: Tilgáta 1

Sé neysla áfengis áberandi innan vinahópsins aukast líkurnar á að einstaklingur sem tilheyrir eða vill tilheyra hópnum hefji neyslu.



Jafningjahópurinn: Tilgáta 2

Jákvætt viðhorf einstaklings, jafningja og vina til áfengisneyslu eykur líkurnar á því að einstaklingur hefji neyslu.



Sjálfsmynd: Tilgáta 3

Sterk sjálfsmynd eykur líkurnar á að nemendur sem hyggjast ekki drekka standist þann þrýsting sem frá jafningjahópnum kemur.




Félagslegt taumhald: Tilgáta 4

Taumhald foreldra veikist meðal þeirra sem þurfa að sækja skóla fjarri heimabyggð.

Við það að flytja burt frá foreldrum dregur úr taumhaldi foreldra.

Áhrifa jafningjahópsins gætir minna hjá unglingum sem hafa góð tengsl við foreldra sína og hafa búið við styrka leiðsögn þótt þau flytji að heiman.



Aðferðafræði

Í þessari rannsókn er bæði stuðst við meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Meginlegi hlutinn byggist á spurningarlistum sem lagðir voru fyrir nemendur á fyrsta ári í framhaldsskólunum sem þátt tóku í rannsókninni. Um er að ræða mælingu fyrir og eftir þátttöku í stuðningshópi undir handleiðslu kennara. Fyrri spurningalistinn (sjá viðauka 1) var lagður fyrir í lok september og byrjun október 2002. Honum var m.a. ætlað að draga fram lífsstíl og líðan nemenda á fyrsta ári í skólunum tveimur. Síðari listanum (sjá viðauka 2) er ætlað að vera samanburðartæki. Hugsanlega má sjá hvort þátttaka í stuðningshópi hefur breytt einhverju í hegðun og líðan þeirra sem þátt tóku í honum.

Eigindlegi hlutinn er samansettur úr tveimur þáttum, í fyrsta lagi rýnihópaviðtölum (sjá útgangsspurningar í viðauka 3) við þátttakendur í stuðningshópunum og í öðru lagi stöðluðum viðtölum (sjá viðtalseyðublað í viðauka 4) við umsjónarmenn stuðningshópanna.

Við greiningu þeirra meginlegu gagna sem safnað var er notast við nokkrar aðferðir. Meðal annars eru notaðar krosstöflur til að spá í samsetningu rannsóknarhópsins. Aðhvarfsgreiningu er beitt til að sjá hvort neysla vina og viðhorf þeirra til neyslu hefur marktæk áhrif á áfengisneyslu og vímuefnaneyslu ungra framhaldsskólanema.

Í eigindlega hlutanum er unnið að greiningu viðtala og nýttar þær upplýsingar sem þar koma fram til stuðnings við þau meginlegu gögn sem unnið er úr.

Úrtak

Þátttakendur í Eyjaverkefninu eiga það sameiginlegt að vera allir á fyrsta ári í framhaldsskóla. Í upphafi var ákveðið að velja þrjú framhaldsskóla til þátttöku í

rannsókninni sem allir eru staðsettir í sama landsfjórðungnum. Skólarnir þrír eru nokkuð ólíkir að uppbyggingu. Ákveðið var að skólarnir myndu njóta nafnleyndar og verða þeir því nefndir skóli A, skóli B og skóli C. Skóli A er hefðbundinn bóknámsskóli, þar sem um er að ræða bekkjakerfi og fyrirfram skilgreindar námsbrautir. Skóli B er fjölbrautarskóli þar sem nemendur tilheyrja ekki einum tilteknum bekk heldur sækja þau námskeið sem þeir kjósa hverja önn fyrir sig. Þar er einnig um fleiri námsleiðir að velja t.d. til undirbúnings verknáms. Hjá báðum þessum skólum býðst nemendum að búa á heimavist. Upphaflega var þriðji skólinn, skóli C, með í rannsókninni en vegna mistaka við fyrirlögn reyndist ekki óhætt að treysta niðurstöðum þaðan og því var ákveðið að taka hann út úr rannsókninni.

Þetta skólaár voru skráðir 187 nemendur á fyrsta ár í skóla A og 89 í skóla B. Í þýðinu voru því 276 nemendur. Fyrirhugað var að leggja spurningalista fyrir alla í þýðinu og vona að brottfall yrði í lágmarki. Í skóla A náðist hins vegar ekki að leggja fyrir alla bekki þar sem tveir bekkir voru ekki í skólanum þá daga sem lagt var fyrir. Því er um úrtak að ræða þar og fjöldi nemenda í skóla A var því 127. Í útakinu voru því 216 nemendur í heildina. Gildir listar úr fyrri fyrirlögninni reyndust vera 147 sem þýðir að svarhlutfallið var um 68%. Þátttakendur úr skóla B reyndust vera 63 talsins, þar af voru 38 stelpur og 25 strákar. Svarhlutfallið í þeim skóla var því um 71%. Úr skóla A tóku 84 nemendur þátt í verkefninu og af þeim voru 57 stelpur en 38 strákar. Svarhlutfallið í skóla A var því allnokkuð lægra heldur en í skóla B eða um 67%. Frekari greiningu á þáttakendum má sjá í töflum 1 og 2.

Tafla 1. Þýði, úrtak og brottfall

	Þýði	Úrtak	Gildir listar fyrri fyrirlögn	Svar- hlutfall	Brott- fall	Gildir listar síðari fyrirlögn	Svar- hlutfall	Brott- fall
Skóli A	187	127	84	84/127	34%	78	78/127	39%
Skóli B	89	89	63	63/89	29%	68	68/89	24%
	276	216	147			146		

Tafla 2. Þátttakendur: fyrri og síðari fyrirlögn

	Fyrri listi	Síðari listi	Fyrri listi	Síðari listi	Fyrri listi	Síðari listi
	<i>Utanbæjar- hópur</i>	<i>Utanbæjar- hópur</i>	<i>Stuðnings- hópur</i>	<i>Stuðnings- hópur</i>	<i>Innanbæjar- hópur</i>	<i>Innanbæjar- hópur</i>
Skóli B	14	27	15	13	34	28
Skóli A	23	17	15	15	46	46

Eftir síðari fyrirlögnina reyndust gildir 146 spurningalistar. Svarhlutfallið í síðari fyrirlögn var því í heildina einnig 65%. Af þeim 68 nemendum sem tóku þátt úr skóla B voru 33 stelpur en 35 strákar en það er mun jafnari kynjaskipting en í fyrra skiptið, en hlutföllin voru 60/40 í fyrra skiptið en 49/51 í síðari fyrirlögn. Í skóla A voru 78 nemendur sem svöruðu síðari listanum eða nokkuð færri en í fyrra skiptið, þar af voru 51 stelpa og 27 strákar.

Val á þátttakendum fór þannig fram að fengnir voru nafnalistar yfir nemendur skólanna tveggja. Þeim var síðan skipt í tvo hópa. Annars vegar þá sem búa heima hjá foreldrum á meðan á skóla stendur og hins vegar þá sem búa fjarri foreldrum. Síðan voru nemendur flokkaðir í þrjá hópa. Í fyrsta lagi voru þeir nemendur sem völdust af handahófi til þátttöku í stuðningshópi en í þeim hópi var að finna þá sem búa fjarri foreldrum á meðan á námi stendur. Síðan voru í raun tveir samanburðarhópar, annars vegar hópur nemenda sem býr fjarri foreldrum en fékk ekki að taka þátt í stuðningshópi og hins vegar nemendur sem búa heima hjá foreldrum.

Spurningalistinn var lagður fyrir á skólatíma í von um að þá myndi nást í sem flesta nemendur á fyrsta ári. Svarhlutfallið reyndist þó frekar lágt í heildina en mishátt eftir skólum. Í skóla A náðist ekki í tvo bekki vegna þess að þeir voru ekki í skólanum þessa tilteknu daga sem fyrirlögnin fór fram.

Vegna þess hve úrtakið er lítið er alhæfingargildi rannsóknarinnar takmarkað og einungis hægt að líta á niðurstöðurnar sem vísbendingu um hvert samband áfengisneyslu unglinga er við þær breytur sem greindar eru.

Framkvæmd

Í báðum skólum var framkvæmdin í höndum starfsmanna Áfengis- og vímuvarnaráðs sem nutu dyggjar aðstoðar frá tengiliðum skólanna. Í bæði skiptin fór fyrirlögnin fram á skólatíma í skólastofum.

Spurningalistar voru hvorki tengdir nöfnum né kennitölum nemenda, hins vegar voru þeir merktir bókstöfum til að greina þá í sundur eftir hópum, stuðningshópi, utanbæjarhópi og innanbæjarhópi. Til að tryggja nafnleynd voru nemendur minntir á að skrifa hvorki nafn sitt né kennitölu á spurningarlistann, þannig að útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru þeir beðnir um að svara öllum spurningunum af bestu getu og minntir á að biðja um hjálp ef þeir þyrftu á henni að halda.

Breyturnar

Til að lýsa hópnum eru notaðar þær lýðfræðilegu breytur sem finna má í gögnunum, en þær eru kyn og búseta. Aðrar breytur sem stuðst er við eru vasapeningar, vinna með skóla, einkunnir, viðhorf til skóla, samkomulag við bekkjarfélagana, viðhorf til námsins, þátttaka í foreldralausum partýum, staða í námi, stuðningur og aðhald foreldra, tengsl við vinahópinn, viðhorf til áfengisneyslu, sjálfsmynd og sjálfsmat,

áfengisnotkun og notkun annarra vímuefna. Einnig eru skoðaðar breytur sem mæla neyslu vina og viðhorf þeirra til neyslu áfengis eða annarra vímuefna.

Spurningarnar í listanum voru flestar svokallaðar fjölvalsspurningar þar sem þátttakendurnir fá nokkra lokaða svarmöguleika til að velja úr. Í langflestum tilfellum er um að ræða raðtölumælingar (Ordinal scales) m.a. með Likertskala. Einnig er að finna nokkrar opnar spurningar þar sem þátttakendur gátu svarað eftir sínu eigin höfði.

Unnið var með nokkra skala í greiningunni sem samsettir eru af mismörgum spurningum. Þar sem spurningarnar snúa ekki allar eins þ.e. 1 hefur sumstaðar jákvætt gildi en annars staðar neikvætt gildi var gildunum snúið eftir því sem við átti til að hægt væri að túlka skalana rétt. Við úrvinnslu á þeim skölum sem notaðir voru í greiningunni voru gildi hvers einstaklings á hverri spurningu, er tilheyrði skalanum, lögð saman. Síðan var meðaltal þeirra fundið út með því að deila í summu hvers og eins með fjölda spurninga. Þetta meðaltal gefur gildi sem segir til um svörun einstaklings við skalanum í heild. Unnið er með meðalskor í stað heildarsummu til að betur megi heimfæra hvert gildi á skalanum yfir á upprunalegt gildi spurninganna og með því auðvelda túlkun á niðurstöðum. Skalarnir spanna flestir gildin frá 1 og upp í 4. Þannig er hægt að segja að einstaklingur sem fær meðaltalið 2,1 á skalanum sé í samræmi við svarmöguleika 2 á hverri spurningu.

Tölurnar innan sviganna í textanum hér á eftir segja til um þau tölulegu gildi sem hver svarmöguleiki fékk í úrvinnslunni.

Kyn

Spurt var um kynferði nemenda með spurningunni: „Ert þú strákur eða stelpa?“

Svarmöguleikarnir voru: *stelpa (1)* og *strákur (2)*.

Búseta

Búseta nemenda var skoðuð með spurningunni: „Hvar býrðu á meðan þú ert í skólanum“. Svarmöguleikarnir voru eftirfarandi: *Heima hjá foreldrum mínum (1), heima hjá öðrum ættingjum (2), á heimavist (3), ein(n) í leiguhúsnæði (4), í leiguhúsnæði með vini/vinum mínum (5), með systkinum mínum í leiguhúsnæði (6).*

Vasapeningar

Spurt var um hve mikla vasapeninga nemendur fengju á viku. Vasapeningar voru skilgreindir sem allir þeir peningar er nemendur geta ráðstafað að eigin vild. Svarmöguleikarnir við þessari spurningu voru: *Ég fæ enga vasapeninga (1), minna en 5000 krónur (2), 5000-10000 krónur (3), 10000-15000 krónur (4), meira en 15000 krónur (5).*

Vinna með skóla

Nemendur voru spurðir hve mörgum tímum þeir verðu við launaða eða ólaunaða vinnu í viku hverri. Hér gátu nemendur svarað eftirfarandi: *Er ekki í vinnu (1), 5 klst. eða færri (2), 6-10 klst. (3), 11-15 klst. (4), 16-20 klst. (5), 21-25 klst. (6), 26-30 klst. (7), Meira en 30 klst (8).*

Einkunnir

Nemendur voru beðnir um að gefa upp einkunnir sínar á samræmdum prófum, þ.e.a.s. meðaleinkunn sína á þeim samræmdu prófum sem þeir tóku. Spurt var: „Á hvaða bili voru einkunnir þínar á samræmdu prófunum?“ Svarmöguleikarnir voru þessir: *Um 10 (1), um 9 (2), um 8 (3), um 7 (4), um 6 (5), um 5 eða lægra (6).*

Viðhorf til skóla

Spurt var um viðhorf nemenda til þess skóla sem þeir höfðu valið sér með eftirfarandi hætti: „Hversu ánægð(ur) ertu með skólann sem þú valdir?“ Valmöguleikarnir voru: *Mjög ánægð(ur) (1), frekar ánægð(ur) (2), veit ekki (3), frekar óánægð(ur) (4) og mjög óánægð(ur) (5).*

Samkomulag við bekkjarfélag

Nemendur voru spurðir hvernig þeim semdi við bekkjarfélag sína með spurningunni: „Hversu vel kemur þér saman við bekkjarfélag þína?“. Svarmöguleikarnir voru eftirfarandi: *Mjög vel (1), frekar vel (2), veit ekki (3), frekar illa (4), og mjög illa (5).*

Foreldralaus partý

Þátttaka nemenda í foreldralausum partýum var könnuð með eftirfarandi spurningu: „Hve oft hefur þú verið í foreldralausu partýi?“. Gefnir voru valmöguleikarnir: *Aldrei (1), einu sinni (2), 2-4 sinnum (3), 5 sinnum eða oftar (4).*

Staða í námi

Nemendur voru spurðir: „Hversu vel telur þú þig standa í námi miðað við jafnaldra þína?“. Svarmöguleikarnir voru: *Frábærlega, ég er líklega ein(n) af þeim bestu (1), vel yfir meðallagi (2), yfir meðallagi (3), í meðallagi (4), undir meðallagi (5), töluvert undir meðallagi (6), illa, ég er líklega ein(n) af þeim slökustu (7).*

Stuðningur og aðhald foreldra

Spurt var: „Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá eftirtalið hjá foreldrum þínum?“

- a) Umhyggju og hlýju
- b) Samræður um persónuleg málefni
- c) Ráðleggingar varðandi námið
- d) Ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín

Svarmöguleikarnir voru: *Mjög erfitt (1), frekar erfitt (2), frekar auðvelt (3), mjög auðvelt (4).*

Hægt er að líta á þessi atriði sem vísbendingu um stuðning foreldra við börn sín og því var ákveðið að leggja saman svör hvers og eins svo að úr yrði skali. Síðan var deilt í með fjölda breyta í skalanum og fengið út meðaltal hvers einstaklings fyrir sig og því gildi hans á skalanum. Skalinn spannar gildin frá 1 upp í 4.

Að sama skapi var aðhald foreldra mælt á tiltekinn hátt með eftirfarandi spurningu: „Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um foreldra þína?“

- a) Foreldrar mínir ætlast til að ég reyki ekki
- b) Foreldrar mínir ætlast til að ég drekki ekki fyrir en ég næ áfengiskaupaaldri (20 ára)
- c) Foreldrum mínum er í mun að virða gildandi lög og reglur

Svarmöguleikarnir voru eftirfarandi: *Á nær alltaf við (1), á oft við (2), á stundum við (3), á sjaldan við (4), á nær aldrei við (5).*

Skali var síðan unninn úr þessum þremur atriðum sem mæla átti aðhald foreldra. Þessi skali var unninn með saman hætti og allir aðrir skalar sem notaðir voru. Lægsta gildi skalans var 1 og hæsta gildi hans var 3.

Sjálfsmynd

Sjálfsmynd eða sjálfsálit er mælt með viðurkenndum spurningaskala sem nefnist Rosenberg-skalin. Hann inniheldur tíu spurningar (sp.25a-25j) um mat

einstaklingsins á sjálfum sér. Nemendur voru beðnir um að merkja við hve sammála eða ósammála þér eru eftirfarandi fullyrðingum:

- a) Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.
- b) Mér finnst ég hafa marga góða eiginleika.
- c) Þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnaður/misheppnuð.
- d) Ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir.
- e) Mér finnst það ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af.
- f) Ég hef jákvæða afstöðu til mín.
- g) Þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.
- h) Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.
- i) Stundum finnst mér ég vera til einskis nýt(ur).
- j) Stundum finnst mér ég vera einskis virði.

Svarmöguleikarnir voru: *mjög sammála (1), frekar sammála (2), frekar ósammála (3)* og *mjög ósammála (4)*. Í samræmi við úrvinnslu skalans (sjá hér að ofan) er túlkun hans á þá leið að því lægra gildi sem viðkomandi fær á skalanum því jákvæðari sjálfsmynd er viðkomandi talinn hafa.

Viðhorf til áfengisneyslu

Til að mæla viðhorf nemenda til áfengisneyslu var notaður annar þekktur skali AEQ-skalinn (sjá Wilhelmsen et.al 1998). Hann inniheldur 11 fullyrðingar (sp.38a-38k) um væntingar til áhrifa áfengisneyslu á fólk. Spurt var hve sammála eða ósammála nemendur eru eftirfarandi fullyrðingum:

- a) Flestir verða glaðir og skemmta sér þegar þeir drekka áfengi.
- b) Fólk á auðveldara með að finna upp á einhverju spennandi þegar það drekkur áfengi.
- c) Fólk á auðveldara með að vera með öðru fólk þegar það drekkur áfengi.
- d) Fólk verður elsकुlegra þegar það drekkur sig fullt.
- e) Það er allt í lagi að drekka áfengi því þá umgengst maður þá sem eru að skemmta sér.
- f) Margir áfengir drykkir eru góðir á bragðið.
- g) Áhyggjur og kvalir hverfa þegar maður drekkur áfengi.
- h) Teitin verða skemmtilegri þegar maður drekkur áfengi.
- i) Fólk verður ekki eins einmana þegar það drekkur sig fullt.
- j) Fólk á auðveldara með að stjórna og stýra skapi sínu þegar það drekkur sig fullt.
- k) Fólk verður almennt glaðlyndara þegar það drekkur sig fullt.

Svarmöguleikarnir voru: *mjög sammála (1), frekar sammála (2), frekar ósammála (3)* og *mjög ósammála (4)*. Í samræmi við úrvinnslu skalans (sjá hér að ofan) er túlkun hans á þá leið að því lægra gildi sem viðkomandi fær á skalanum því jákvæðari afstöðu hefur fólk til áfengisneyslu og áhrifa hennar.

Vinahópurinn

Reynt var að mæla hve vel nemendur tengdust þeim vinahópi/hópum sem þeir teldu sig tilheyra með spurningum 23a-23j:

- a) Mér finnst ég ekki falla inn í neinn hóp
- b) Mig langar mikið að falla inn í tiltekin hóp
- c) Stundum geri ég hluti sem ég annars myndi ekki gera til að falla inn í tiltekinn hóp
- d) Mér finnst ég valdamikill í vinahópnum mínum
- e) Mér finnst vinir mínir stjórna mér
- f) Ég fæ stuðning frá vinahópnum
- g) Ég er örugg(ur) í vinahópnum
- h) Vinir mínir eru góðir vinir
- i) Ég á auðvelt með að eignast nýja vini
- j) Ég á auðvelt með að eignast vini af gagnstæðu kyni

Svarmöguleikarnir voru *á mjög vel við um mig (1), á frekar vel við um mig (2), á frekar illa við um mig (3)* og *á mjög illa við um mig (4)*. Því hærra gildi sem nemandi fær á þessum skala því betur er hann tengdur vinahópnum og því jákvæðari er reynsla hans af hópnum.

Áfengisneysla vina

Ákveðið var að setja inn spurningar (sp.24a-24n) varðandi vinahópin m.a. um áfengisneyslu vina og þá neyslumenningu sem innan hópsins er. Þessar spurningar reyndust falla vel inn í skala og var honum ætlað er að mæla áhrif vinahópsins á áfengisneyslu einstaklingsins. Spurt var: „Hve vel eiga eftirtaldar staðhæfingar við um þig og vinahóp þinn?“

- a) Næstum allir mínir vinir drekka.
- b) Vinahópurinn er nýjungagjarn og alltaf til í að prófa nýja hluti.
- c) Það að tilheyra hópnum þýðir í raun einn fyrir alla, allir fyrir einn.
- d) Vinahópurinn fer út að skemmta sér nánast um hverja helgi.
- e) Þegar vinirnir fara út að skemmta sér fylgir nær alltaf áfengisneysla.
- f) Vinahópnum finnst töff að drekka.
- g) Vinahópurinn drekkur nær alltaf á skemmtunum á vegum skólans.
- h) Margir af vinum mínum hafa prófað kannabis.
- i) Vinahópurinn hittist oft heima hjá hver öðrum til þess að „detta í það“.
- j) Ég get farið út með vinum mínum án þess að drekka áfengi.
- k) Sá sem ekki vill drekka áfengi er talinn óeðlilegur.
- l) Vinahópurinn verður alltaf mikið drukkinn.
- m) Ef einhver í vinahópnum verður ofurölvi reyna hinir í hópnum að fá hann til þess að hætta að drekka.
- n) Það er erfitt að nálgast einhvern sem maður hefur áhuga á ef maður drekkur ekki.

Svarmöguleikarnir voru: *á mjög vel við um mig (1), á frekar vel við um mig (2), á frekar illa við um mig (3) og á mjög illa við um mig (4)*. Í samræmi við úrvinnslu skalans (sjá hér að ofan) er túlkun hans á þá leið að því lægra gildi sem viðkomandi fær á skalanum því jákvæðari afstöðu hefur fólk til áfengisneyslu og áhrifa hennar.

Viðhorf til námsins

Spurt var um tilfinningar nemenda til námsins með eftirfarandi hætti: „Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við þig?“

- a) Mér finnst námið tilgangslaust
- b) Mér leiðist námið
- c) Mér finnst ég illa undirbúin(n) undir kennslustundir
- d) Mér finnst námið vera of létt
- e) Mér finnst námið vera of þungt
- f) Mér líður illa í skólanum
- g) Mig langar að hætta í skólanum
- h) Mig langar að skipta um skóla
- i) Mér semur illa við kennarana

Svarmöguleikarnir voru: *Á nær alltaf við um mig (1), Á oft við um mig (2), Á sundum við um mig (3), Á sjaldan við um mig (4), Á nær aldrei við um mig (5).*

Allar mæla þessar spurningar (sp.14a-14i) viðhorf til námsins. Búinn var til skali úr þessum spurningum sem ætlað er að mæla viðhorf til námsins. Þó var spurningu 14e) sleppt þar sem há fylgni var á milli hennar og spurningar 14d). Enda mæla þær sitthvorn enda sömu mælingar, þar sem að þeir sem skora lágt á 14d) skora alla jafnan hátt á 14e). Skalinn tekur gildi frá 1 og upp í 5. Því hærra sem einstaklingur skorar á skalanum því jákvæðara er viðhorf hans til námsins.

Fylgibreytan: Áfengisneysla

Í gögnunum er að finna a.m.k. þrjár mælingar á áfengisneyslu. Í fyrsta lagi er spurt um hve mikið magn viðkomandi hafi drukkið af bjór, léttvíni og sterku víni á síðustu 30 dögum. Sú spurning hljóðaði þannig: „Hve oft (ef nokkru sinni) á síðustu 30 dögum hefur þú drukkið einhvern af eftirfarandi drykkjum?“

- a) bjór
- b) léttvín
- c) sterkt áfengi.

Svarmöguleikarnir voru: *Aldrei (1), 1 til 2 sinnum (2), 3 til 5 sinnum (3), 6 til 9 sinnum (4), 10 til 19 sinnum (5) og 20 sinnum eða oft (6).*

Þar sem spurt er um magn eftir tegundum er nauðsynlegt að slá saman svörum við spurningunum þremur (30a, 30b, 30c) til að fá heildar áfengisneyslu. Þetta getur reynst erfitt og huga þarf vel að því hvort spurningarnar séu allar að mæla sama hlutinn. Það er annars vegar gert með því að skoða fylgnina á milli þeirra en niðurstöðu þeirrar greiningar má sjá í töflu 3. Í ljós kom fylgni milli bjórs og sterks víns upp á 0,797 ($p=0,01$), fylgnin milli léttvíns og bjórs var 0,61 ($p=0,01$) og milli léttvíns og sterks víns reyndist fylgnin vera 0,568 ($p=0,01$). Þumalputtareglan er sú að

fari fylgnin yfir 0,5 þá sé í lagi að slá breytunum saman. Hver og einn rannsakandi getur þó valið að setja sér annað viðmið ef hann getur rökstutt það vel.

Tafla 3.

	Bjór	Léttvín	Sterkt vín
<i>Bjór</i>		0,6	0,8
<i>Léttvín</i>	0,6		0,6
<i>Sterkt vín</i>	0,8	0,6	

Algennt er að gera svokallað áreiðanleikapróf (reliability analysis) til að staðfesta hvort skalar séu áreiðanlegir. Í töflu 4. má sjá útkomu slíks prófs fyrir breytur þrjár. Samkvæmt þessari greiningu ætti að vera óhætt að slá þessum breytum saman í eina breytu þar sem alfa gildi nýju breytunnar er 0,84 (sjá töflur 4). Þar má sjá að alfa gildið hækkar þegar léttvíninu er sleppt, sem bendir til þess að léttvínsbreytan nái ekki að mæla áfengisneyslu eins vel og hinar tvær og því er hugsanlega betra að sleppa henni. Frekari rökstuðningur með því að er að fylgnin milli hennar bæði við sterkt vín og bjór er nokkuð minni en fylgnin milli sterks víns og bjórs. Líklegt er að þetta komi til vegna þess hve lágt hlutfall þeirra sem drekka áfengi yfir höfuð velja að drekka léttvín, enda vel þekkt að bjór sé vinsælastur meðal þessa aldurshóps.

Tafla 4. Áreiðanleikapróf (Alpha)

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
sp. 30a	2,13	1,33	145	
sp. 30b	1,38	0,89	145	
sp. 30c	1,68	1,09	145	
	Meðaltal	Dreifni	Staðalfrávik	Fjöldi breyta
Skalinn (Statistics for scale)	5,19	8,93	2,99	3
<i>Tölfræði breyta í skala</i>				
	Meðaltal skala ef breytu er sleppt	Dreifing skala ef breytu er sleppt	Leiðrétt fylgni breytu við skala	Alfagildi ef breytu er sleppt
sp. 30a	3,06	3,24	0,81	0,77
sp. 30b	3,81	5,32	0,69	0,88
sp. 30c	3,51	4,14	0,81	0,76
<i>Alfagildi skala miðað við 145 gildi og 3 breytur</i>			Alfagildi skala	0,87

Í öðru lagi er spurt hve mikið magn er drukkið í hvert skipti (sp. 31, 32 og 33). Áfengisneysla er nokkuð almenn meðal unglinga og því er nauðsynlegt að átta sig á hve mikið þau eru að drekka. Svarmöguleikarnir voru mismunandi eftir tegundum áfengis.

Að lokum er að finna spurningu um ölvunardrykkju. Spurt var: „Hve oft hefur þú orðið drukkin(n)?“

- a) Um ævina
- b) Síðustu 30 dagana

Svarmöguleikarnir hér eru: *Aldrei (1), 1 til 2 sinnum (2), 3 til 5 sinnum (3), 6 til 9 sinnum (4), 10 til 19 sinnum (5), 20-39 sinnum og 40 sinnum eða oftar (7).*

Fylgibreytan: ólögleg vímuefni

Spurt var: „Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað eftirtalin efni?“

- a) Svefntöflur eða róandi án lyfseðils læknis
- b) Hass
- c) Amfetamín

- d)** LSD (sýru)
- e)** E-töflur
- f)** Kókaín
- g)** Delevín
- h)** Sveppi sem vímuefni
- i)** Sniffefni
- j)** Anabólíska stera
- k)** Heimabrudd/landa
- l)** Sambland af áfengi og pillum
- m)** Smjörkýru (GHB)

Svarmöguleikarnir voru þessir: Aldrei (1), 1 til 2 sinnum (2), 3 til 5 sinnum (3), 6 til 9 sinnum (4), 20-39 sinnum (5), 40 sinnum eða oftar (6). Delevín er ekki til en það er haft með til að veiða út þá sem svara slíkum spurningum út í hött. Unninn var skali upp úr þessum spurningum sem ætlað var að mæla ólöglega vímuefnaneyslu. Byrjað var á að reikna áreiðanleikapróf fyrir skalann, svo að hægt væri að útiloka spurningar sem hugsanlega ættu ekki heima innan hans. Í töflu 5 má sjá niðurstöðu fyrra áreiðanleikaprófsins sem unnið var fyrir þennan skala.

Tafla 5. Áreiðanleikapróf (Alpha)

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
sp. 35a	1,26	0,96	143
sp. 35b	1,21	0,86	143
sp. 35c	1,06	0,39	143
sp. 35d	1,00	0	143
sp. 35e	1,06	0,53	143
sp. 35f	1,06	0,39	143
sp. 35g	1,00	0	143
sp. 35h	1,08	0,53	143
sp. 35i	1,17	0,69	143
sp. 35j	1,00	0	143
sp. 35k	1,78	1,49	143
sp. 35l	1,14	0,51	143
sp. 35m	1,01	0,17	143

	Meðaltal	Dreifni	Staðalfrávik	Fjöldi breyta
Skalinn (Statistics for scale)	14,83	17,13	4,14	13

Tölfræði breyta í skala

	Meðaltal skala ef breytu er sleppt	Dreifing skala ef breytu er sleppt	Leiðrétt fylgni breytu við skala	Alfagildi ef breytu er sleppt
sp. 35a	13,56	14,09	0,229	0,73
sp. 35b	13,61	12,64	0,6095	0,68
sp. 35c	13,76	14,72	0,7529	0,69
sp. 35d	13,82	17,13	0	0,74
sp. 35e	13,76	14,15	0,6805	0,69
sp. 35f	13,76	14,78	0,7327	0,69
sp. 35g	13,82	17,13	0	0,74
sp. 35h	13,74	14,16	0,6713	0,69
sp. 35i	13,65	15,17	0,2724	0,73
sp. 35j	13,82	17,13	0	0,74
sp. 35k	13,04	10,49	0,4564	0,75
sp. 35l	13,68	15,34	0,3804	0,72
sp. 35m	13,81	17,01	0,0651	0,74

Alfagildi skala miðað við 143 gildi og 13 breytur **Alfagildi skala** 0,73

Samkvæmt þessu áreiðanleikaprófi hækkar alfagildi skalans þegar svefntöflum, LSD, delevini, sniffi, sterum, heimabruggi og smjörσύru er sleppt. Þrjú atriði, LSD, delevin og sterar, hafa enga fylgni við skalann sem þýðir að það væru mistök að hafa þau með í skalanum. Skalinn inniheldur eftir þetta eftirfarandi efni: hass, amfetamín, e-töflur,

kókaín, sveppi, sniff og sambland af pillum. Næsta var reiknað áreiðanleikapróf fyrir þessi 7 atriði. Úrlausn þess prófs má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Áreiðanleikapróf (Alpha)

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
sp. 35b	1,21	0,86	145
sp. 35c	1,06	0,39	145
sp. 35e	1,06	0,53	145
sp. 35f	1,06	0,39	145
sp. 35h	1,08	0,53	145
sp. 35i	1,17	0,69	145
sp. 35l	1,15	0,53	145

	Meðaltal	Dreifni	Staðalfrávik	Fjöldi breyta
Skalinn (Statistics for scale)	7,80	7,5	2,74	7

Tölfraði breyta í skala

	Meðaltal skala ef breytu er sleppt	Dreifing skala ef breytu er sleppt	Leiðrétt fylgni breytu við skala	Alfagildi ef breytu er sleppt
sp. 35b	6,56	4,75	0,5432	0,79
sp. 35c	6,72	5,78	0,8523	0,74
sp. 35e	6,72	5,33	0,7935	0,73
sp. 35f	6,72	5,83	0,8269	0,75
sp. 35h	6,70	5,39	0,7547	0,74
sp. 35i	6,60	6,32	0,2072	0,84
sp. 35l	6,62	6,55	0,2511	0,82

Alfagildi skala miðað við 145 gildi og 7 breytur **Alfagildi skala** 0,80

Hægt er að hækka alfagildi skalans með því að sleppa úr sniffinu (sp. 35i) og samblöndu áfengis og pilla (sp. 35l), auk þess er fylgni þessara breyta við skalann lág. Ákvörðun var því tekin um að sleppa þessum atriðum. Endanlegi skalinn inniheldur því fimm atriði, hass, amfetamín, e-töflur, kókaín og sveppi og var alfagildi hans 0,90.

Stuðningsverkefnið

Forvarnarhluti verkefnisins felst í að veita hópi nemenda sem flytjast að heiman til að sækja framhaldsskóla sérstakan stuðning með þátttöku í stuðningshópi. Hópurinn tekst á við fyrirfram ákveðin verkefni á ákveðnu tímabili með handleiðslu kennara. Þessi hópur er valinn vegna þess að ýmislegt bendir til þess að hátt hlutfall nemenda innan hans ljúki af einhverjum ástæðum ekki framhaldsskólanámi og lendi í brottfallshópi. Að meðaltali verður um 10% brottfall milli árganga ef marka á upplýsingar um skólasókn sem finna má á Hagstofuvefnum (www.hagstofa.is).

Taka má dæmi um brottfall milli fyrsta og annars árs hjá þeim árgangi sem hóf skólagöngu árið 1996. Þetta ár voru 89% 16 ára fæðingarárgangsins skráð í nám að hausti. Haustið 1997 voru 77% sama árgangs (þá 17 ára) skráð í nám (Svandís Nína Jónsdóttir ofl., 2003). Brottfall þessa árgangs milli fyrsta og annars árs var því 12%.

Í skólunum sem hér um ræðir hafa að meðaltali 10% nemenda fallið úr námi milli anna. Hins vegar er nokkur hluti þeirra að færa sig á milli framhaldsskóla svo að ekki er hægt að tala um eiginlegt tíu prósentu brottfall. Í skóla B hefur verið í gangi áttak til að draga úr þessu brottfalli með nokkrum árangri að því er virðist enda hefur brottfallið þar farið niður í 7,8% síðustu annir. Í viðtali við aðstoðarskólustjóra skóla B kom fram sýn hans á þessi málefni. Honum virðist utanbæjarnemendum hætta frekar til að falla úr skóla en þeim nemendum sem búa hjá foreldrum á meðan á skóla stendur. Það áttak sem þar hefur verið í gangi að undanfögnu miðar einkum að því að veita nemendum aukinn stuðning og aðhald bæði í skólanum og á heimavistinni.

Einnig var rætt við námsráðgjafa í skóla A. Hann taldi að fyrsta árs brottfall einkenndi ekkert frekar utanbæjarnemendur en þá sem búa heima hjá foreldrum. Það sem einkenndi þann hóp sem fellur brott á eða eftir fyrsta ár væri slakur árangur í námi, þetta væru þeir nemendur sem námslega réðu illa við skólann. Hins vegar kom fram hjá honum að sér

Þætti algengara að utanbæjarnemendur heltust úr námi á öðru eða þriðja ári vegna þess hve mikið þeir væru að sinna félagslífinu og skemmtunum á kostnað námsins.

Ákveðið var að nýta stuðningsverkefnið „Sjálfstæði-Árangur-Öryggi“ sem áður hefur verið notað í nokkrum framhaldsskólum á Íslandi. Höfundar verkefnisins eru námsráðgjafarnir Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir (2002). Höfundarnir voru fengnir til að aðlaga stuðningsverkefnið að markmiðum þessa verkefnis.

Í skóla B var umsjón með stuðningsverkefninu í höndum aðstoðarskólastjóra sem einnig sér um forvarnarmál skólans. Námsráðgjafi í skóla A tók að sér að stýra framkvæmd verkefnisins þar. Umsjónarmenn fengu í upphafi leiðsögn frá höfundum stuðningskerfisins við framkvæmd og markmið þess, auk þess sem þeir nutu handleiðslu þeirra á meðan á verkefninu stóð.

Markmið

Helstu markmið stuðningsverkefnisins eru að styrkja sjálfsmynd einstaklinganna, efla þekkingu þeirra og skilning á sjálfum sér og stuðla að því að þeir átti sig betur á því hverjir þeir eru, hvaða eiginleikum og hæfni þeir búa yfir. Styrkja jákvæða þætti hvers einstaklings þannig að hann njóti sín í hópnum og gefi af sér til annarra. Eftirfarandi er lýsing á helstu undirmarkmiðum verkefnisins og þeim aðferðum sem beitt var við að ná fram megin markmiði þess:

- Aðstoða einstaklingana við að taka ákvarðanir er snerta framtíð sína m.a. varðandi frekara nám eða störf. Tengja saman aukna sjálfsþekkingu nemandans og markmið hans í framtíðinni.
- Efla með nemendum samhygð og hæfileikann til að setja sig í spor annarra. Fá þá til að gera sér grein fyrir og læra að virða margbreytileika fólks, mismunandi persónuleika og lífsstíl hvers og eins.

- Byggja upp félagslega hæfni og sjálfstæði. Aðstoða nemandann við að sjá sjálfan sig í félagslegu samhengi, svo að hann átti sig betur á stöðu sinni hvort sem er innan heimilisins eða í jafningjahópnum, hvernig hann bregst við áreitum s.s. jafningjaþrýstingi, einelti o.fl.
- Að auka meðvitund nemandans um gildi og viðmið þau sem hann er alinn upp við og ríkja í vinahópi hans. Félagslegur arfur skoðaður og mismunandi heimilisaðstæður. Hvað þykir sjálfsagt og viðurkennt á einum stað en ekki öðrum? Hvernig hvatningu og hvaða skilaboð fáum við frá foreldrum/forráðamönnum? Sæmræmist það eigin lífssýn? Getur komið upp togstreita og hvernig bregðumst við þá við henni?
- Bæta námsvenjur og námstækni á þeim sviðum sem þörf er á hjá hverjum nemanda. Einnig er lögð áhersla á að efla þætti eins og ábyrgðartilfinningu á eigin framlagi, metnað, virðingu gagnvart skoðunum og hæfni annarra nemenda og lögð er áhersla á mikilvægi málamiðlunar.
- Auka meðvitund nemandans um eigin lífsstíl. Velt er upp spurningum eins og: Í hvað fer tími minn? Er það uppbyggjandi? Hvert stefni ég? Hvernig verður líf mitt eftir 5 eða 10 ár? Hvetja nemendur til að eiga og stunda heilbriggt áhugamál.
- Vinna með hugsanlega einsemd sem stafar af fjarveru frá fjölskyldu. Veita stuðning og umönnun sem er til staðar í „heilbrigðum“ fjölskyldum.

Lýsing

Hópavinnan var uppbyggð þannig að tekið var fyrir ákveðið efni í hverjum tíma. Nemendur ræddu sín á milli um þessi tilteknu atriði undir leiðsögn umsjónarmanns.

Í fyrstu stund var kynning og farið yfir markmiðssetningu. Önnur stund snérist um námið og tímastjórnun. Kvíði og frestun voru viðfangsefni þriðju stundar. Síðan var komið að því að fjalla um lífsstíl og hvernig val okkar á lífsstíl hefur áhrif á okkur. Í fimmtu stund var fjallað um persónuleg málefni m.a. áttu nemendur að ræða eiginleika sína og velta þeim svoltið fyrir sér. Aftur var komið inn á námið í sjöttu stund þar sem farið var yfir glósutækni og hvernig góðar glósur eru mikilvægt atriði í því að læra. Farið var í sjálfsmynd og ákvörðunartöku í sjöundu stund og rætt var um

mikilvægi góðrar sjálfsmyndar. Í áttundu stund var um eftirfylgd að ræða þar sem farið var yfir hvort þeim markmiðum, sem nemendur settu sér í upphafi, hefði verið náð. Níunda stund var viðamikil en þá var fjallaðu um jafningjahópinn og mikilvægi hans. Tíunda stund kom aftur inn á viðkvæm málefni þar sem fjallað var um sjálfsvirðingu og rætt um hve mikilvægt það er að bera virðingu fyrir sjálfum sér. Að lokum var fjallað um þær aðstæður sem þau standa nú frammi fyrir, að flytja að heiman og búa fjarri foreldrum.

Framkvæmd

Stuðningsverkefnið var þannig upp byggt að nemendur hittust ásamt umsjónarmanni einu sinni í viku 1. klst í senn yfir 10 vikna tímabil. Auk þess fengu nemendur í stuðningsverkefninu einkaviðtöl við umsjónarmenn þar sem þeim gafst tækifæri á að ræða við þá á persónulegum grunni. Hér var því um að ræða tvenns konar stuðning þ.e. einstaklingsbundinn stuðning og hópstuðning. Lögð var áhersla á að þátttaka í stuðningsverkefninu væri jákvæð lífsreynsla og að nemendur upplifðu sig sem hluta af því. Einnig var lagt upp úr því að skapa trúnað og virðingu í hópnum.

Stuðningsverkefnið fylgdi fyrirfram ákveðinni dagskrá og hver stund innihélt ákveðið viðfangsefni sem tekið var fyrir og rætt. Unnið var eftir áherslum frá kenningum um „social skills training“ og „problem based learning“. Lögð var áhersla á að þjálfra félagshæfni nemenda (social skill training) og vinnuaðferðir sem byggja á aðferðum lausnaleytnáms (problem solving skills).


Niðurstöður

Kynjaskipting

Kynjaskiptingu má greina margvíslega niður. Á mynd 3 hefur hún verið greind eftir hópum í hvorum skóla fyrir sig. Nokkur kynjamunur er á milli hópa, fleiri stelpur eru í utanbæjarhópnum og á það við í báðum skólum.

Athyglisvert er að skiptingin er jöfn í stuðningshópum skólanna tveggja, hins vegar endurspeglar hún ekki að öllu leyti kynjaskiptinguna í utanbæjarhópnum í heild. Það má þó segja að skiptingin snúi rétt þar sem hún endurspeglar kynjaskiptinguna í heildarúrtakinu.

Mynd 3. Kynjaskipting




Framan af hafa rannsóknir sýnt að áfengisneysla meðal nemenda í 10. bekk sé almennt meiri hjá strákum en stelpum. Hins vegar hefur þetta verið að breytast á undanförunum árum og árið 1999 reyndist tíðni ölvunar meðal stelpna og stráka til að mynda nánast sú sama (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999) en

tveimur árum síðar var ölvunardrykkja orðin hlutfallslega algengari meðal stelpna en stráka (Svandís Nína Jónsdóttir ofl., 2002).

Hvernig lítur þetta út meðal þeirra nemenda sem tóku þátt í þeirri rannsókn sem hér frá greinir? Næsta mynd sýnir hlutfall þeirra sem segjast haf drukkið áfengi á síðastliðnum 30 dögum.


Mynd 4. Áfengisneysla eftir kyni: Hlutfall þeirra sem segjast hafa drukkið áfengi á síðastliðnum 30 dögum.



Hér virðast eilítið fleiri strákar drekka en stelpur, hins vegar þarf að taka þessu með fyrirvara vegna þess að fleiri stelpur eru í úrtakinu.

Mynd 5 sýnir áfengisneyslu innan skólanna eftir kyni. Þar má sjá að áfengisneyslan er ekki aðeins mismunandi milli skólanna heldur er neysla kynjanna einnig með ólíkum hætti. Í skóla A höfðu hlutfallslega fleiri stelpur drukkið áfengi einhvern tímann á síðustu 30 dögum heldur en strákar á meðan þessu var öfugt farið í skóla B. Um helmingur nemenda í skóla A sagðist hafa drukkið áfengi af einhverju tagi á síðastliðnum 30 dögum en í skóla B voru það um þrjár fjórðu.

Mynd 5. Áfengisneysla: hlutfall þeirra sem hafa drukkið áfengi á síðustu 30 dögum eftir skóla og kyni



Kyn virðist ekki hafa marktæk áhrif á áfengisneyslu síðustu 30 dagana, þ.e. engin marktækur munur er á áfengisneyslu stráka og stelpna í skólunum tveimur jafnvel þó tekið hafi verið tillit til skóla (sjá töflu 7).


Tafla 7.

	R	R2	F	marktækni	t	marktækni
Áfengineysla * kyn	0,055	0,003	0,439	0,509	0,663	0,509
Áfengineysla * kyn * skóli	0,276	0,076	5,96	0,003	0,42	0,675
Áfengisneysla* skóli	0,274	0,075	11,81	0,001	3,437	0,001

Einnig má í töflu 7 sjá að munur var á áfengisneyslu nemenda eftir því í hvorum skólanum þeir voru. Áfengisneyslan reyndist marktækt meiri meðal nemenda skóla B en skóla A. Erfitt er að segja til um hvað gæti orsakað þennan mun, hins vegar er hugsanlegt að skólaumhverfið og skólamenningin sé með ólíkum hætti. Nemendur í stuðningshópi skóla B ræddu til að mynda mikið um að ekkert væri hægt að gera á staðnum sér til skemmtunar (Viðtöl tekin í skóla A og skóla B haustið 2002). Þó er athyglisvert að hlutfall stelpna og stráka er ekki með sama hætti innan skólanna. Hlutfall stelpna sem hafa drukkið áfengi á síðustu 30 dögum er lítillega herra innan


skóla A en hlutfall stráka. Þessu er öfugt farið í skóla B en þar segjast hlutfallslega fleiri strákar hafa drukkidið áfengi á síðustu 30 dögum en stelpur. Þessi munur er þó ekki marktækur miðað við þau gögn sem hér er unnið með. Í töflu 7 hér að framan má þó sjá að litlu munar til að marktækni fáiist. Leiða má líkur að því að marktækur munur kæmi fram í stærra úrtaki.

Mynd 6. Neysla á bjór, cider eða alcopop síðustu 30 dagana eftir kyni. (fjöldi)



Á mynd 6 gefur að líta bjórneyslu nemenda síðustu 30 dagana greint eftir kyni. Flestir sem hafa á annað borð neytt bjórs einhvern tíman síðastliðinn mánuð hafa neytt hans sjaldnar en tvisvar sinnum.

Mynd 7. Neysla á bjór, cider eða alcopop síðustu 30 dagana eftir kyni. (hlutfall)



Búseta á meðan á skóla stendur

Í töflu 8 má sjá hvar nemendur búa á meðan þeir sækja skólann. Skiptingin er hér nokkuð skýr og rétt samkvæmt skilgreiningum sem gengið er út frá. Í skóla B bjuggu allir stuðningsnemendurnir á heimavist skólans, en 3 nemendur af 15 í skóla A bjuggu hjá ættingjum sínum.

Tafla 8. Búseta nemenda eftir hópum og skólum í prósentum (fjöldi)

		Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	Hjá foreldrum	,	,	100,0 (32)
<i>B</i>	Hjá öðrum ættingjum	26,7 (4)	,	,
	Á heimavist	53,3 (8)	100,0 (15)	,
	Í leiguhúsnaði	20,0 (3)	,	,
	einir eða með öðrum			
<i>Skóli</i>	Hjá foreldrum	,	,	100,0 (48)
<i>A</i>	Hjá öðrum ættingjum	9,1 (2)	20,0 (3)	,
	Á heimavist	72,7 (16)	80,0 (12)	,
	Í leiguhúsnaði	18,2 (4)	,	,
	einir eða með öðrum			

Flestir eru sammála því að fjölskyldan sé hverjum einstaklingi afar mikilvæg og að hún gegni veigamiklu hlutverki í að tryggja velferð hans. Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að sterk tengsl ungmenna við fjölskyldur sínar séu oft og tíðum forsenda vellíðunar og velferðar í lífinu. Einnig hafa erlendar jafnt sem innlendar rannsóknir leitt í ljós að stuðningur foreldra hafi áhrif á andlega líðan ungs fólks (Inga Dóra o.fl. væntanlegt). Rannsóknir á áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna hafa sýnt að aðhald og stuðningur foreldra skipti máli þegar kemur að þeim málum. Stuðningur foreldra, sá tími sem börn og foreldrar verja saman og eftirlit foreldra hafa heilmikið forvarnargildi fyrir vímuefnaneyslu barna og unglunga (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998). Hvað gerist þegar ungmennin flytja að heiman? Auðvelt er að ímynda sér að

greina megi mun á áfengisneyslu þeirra sem búa heima hjá foreldrum og þeirra sem búa fjarri þeim. Enda voru þeir nokkuð sammála um að það væri bara gott að vera fjarri foreldrunum og að það veitti þeim ákveðið frelsi. Í rýnihópunum töluðu m.a. sum um að það væri gott að vera laus undan foreldrareglunum (viðtöl tekin í skóla A og skóla B haustið 2002). Hvað felst í þessari staðhæfingu? Er ekki líklegt að hér sé átt við aukið frelsi til hinna ýmsu athafna sem kunna að vera hinum fullorðnu á móti skapi?

Tafla 9. Hlutfall þeirra sem hafa og hafa ekki drukkið áfengi á síðustu 30 dögum eftir búsetu.

	Hafa drukkið	Hafa ekki drukkið
Búa heima hjá foreldrum	59,3% (48)	41% (33)
Búa ekki heima hjá foreldrum	61% (40)	39,4% (26)

Samkvæmt hlutfallstölum hafa eilítið fleiri nemendur sem búa fjarri foreldrum drukkið áfengi á síðustu 30 dögum en þeir sem búa hjá foreldrum (Sjá töflu 9). Hins vegar reyndist munurinn ekki marktækur ($R = .109$ $R^2 = .012$ $F = 1,739$ $p > .5$). Þetta bendir til þess að nemendur í heimahúsum drekki ekkert síður en þeir sem búa fjarri foreldrum. Þó er vert að hafa í huga að aðhalds foreldra gætir mest fyrr á ævinni. Síðan dregur smám saman úr því eftir sem börnin eldast. Unglingur í framhaldsskóla fær að vera mun sjálfstæðari heldur unglingur í efstu bekkjum grunnskólans. Enda kom fram í viðtölum í rýnihópum að nemendur væru almennt ánægðir með það frelsi sem þeir fengu við það að flytja að heiman (viðtöl tekin í skóla A og skóla B haustið 2002). Annað sem vert er að muna er að stærstur hluti utanbæjarnemendanna býr á heimavist en hver heimavist hefur eigin menningu. Forvitnilegt er að skoða hvort munur sé á áfengisneyslu utanbæjarnemenda eftir því hvar þeir búa. Í töflu 10 er að finna upplýsingar um það.

Tafla 10. Áfengisneysla utanbæjarnema síðustu 30 dagana eftir búsetu


	Hafa drukkið	Hafa ekki drukkið
<i>Býr hjá ættingjum</i>	33,3% (3)	66,7% (6)
<i>Býr á heimavist</i>	66% (33)	34% (17)
<i>Býr í leiguhúsnæði</i>	57,1% (4)	42,9% (3)

Meðal utanbæjarnemenda í heild virðast þeir sem búa á heimavist drekka frekar en þeir sem búa hjá ættingjum eða í leiguhúsnæði. Hér má hugsanlega sjá einhver merki þess að aðhald foreldra eða annarra fullorðinna skipti máli. Á heimavistum ríkir oft sérstök menning sem m.a. lítur að skemmtunum og áfengisneyslu. Þetta kom meðal annars fram í þeim viðtölum sem tekin voru við nemendur í rýnihópum (viðtöl tekin í skóla A og skóla B haustið 2002). Innan slíkrar menningar má hugsa sér að jafningjaþrýstingurinn verði jafnvel áhrifameiri en annars staðar.

Vasapeningar

Rannsóknir hafa sýnt ákveðin tengsl milli kaupmáttis og áfengisneyslu. Þegar kaupmáttur eykst þá eykst öll neysla, þ.á.m. áfengisneysla. Í könnun IMG Gallup (2001) komu fram tengsl milli heildar heimilistekna og áfengisneyslu, en áfengisneysla virtist algengari meðal þeirra sem höfðu hærri heimilistekjur. Því gæti fjárhagsleg staða nemenda haft áhrif á áfengisneyslu þeirra. Svo virðist vera að utanbæjarnemendur séu líklegri til að fá vasapeninga, en á mynd 8 má sjá hve hátt hlutfall nemenda í hverjum hópi fær vasapeninga skipt upp eftir skóla.

Mynd 8. Hlutfall nemenda í hverjum hópi sem fá vasapeninga skipt niður eftir skólum.



Hér virðist þó vera munur á hlutföllum milli skóla, t.d. segjast nær allir utanbæjarnemendur skóla A fá einhverja vasapeninga en 20% utanbæjarnemenda í skóla B fá samkvæmt þessu enga vasapeninga. Ekki reyndist marktækur munur á vasapeningum eftir skólum ($b=0,08127$ $\alpha= .611$) en marktækur munur reyndist vera á vasapeningum nemenda eftir því í hvaða hópi þeir voru ($b=-0,304$ $\alpha= .001$) ($R= .265$ $R^2= .07$ $F= 5,401$ $p>.01$). Með öðrum orðum þá fá utanbæjarnemendur marktækt meiri vasapeninga en nemendur í stuðningshópi og innanbæjarnemendur. Auk þess reyndust nemendur í stuðningshópi fá meiri vasapeninga en innanbæjarnemendur.

Ef allir utanbæjarnemendur eru bornir saman, bæði þeir sem lentu í stuðningshópi og þeir sem lentu í utanbæjarhópi (samanburðarhópur), jafnast sá munur út sem virtist vera milli skólanna, en 19-20% utanbæjarnemenda, í báðum skólum, segist enga vasapeninga fá. Enda má sjá af töflu 11 að nemendur í stuðningshópi skóla B eru líklegri en þeir sem tóku þátt í stuðningshópi skóla A til að fá vasapeninga.

Í töflu 11 má sjá nánar hve mikla vasapeninga hver hópur fær. Almennt mætti segja að utanbæjarnemendur í skóla A fái lægri upphæðir en utanbæjarnemendur í skóla B, þar sem að 33.4% utanbæinga úr skóla B fá 5000 kr. eða meira en aðeins 22.7% utanbæjarnemenda úr skóla A. Hins vegar er hlutfall þeirra sem fá 15 þúsund kr. eða meira hærra fyrir skóla A en skóla B.

Tafla 11. Hve mikla vasapeninga, að meðaltali, færð þú á viku

	Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i> Enga	20% (3)	21,4% (3)	46,9% (15)
<i>B</i> Minna en 5000 kr.	45,7% (7)	64,3% (9)	34,4% (11)
5000 til 15000 kr.	26,7% (4)	14,3% (2)	12,5% (4)
15000 kr. eða meira	6,7% (1)	,	6,3% (2)
<i>Skóli</i> Enga	4,5% (1)	40,0% (6)	54,2% (26)
<i>A</i> Minna en 5000 kr.	72,7% (16)	40,0% (6)	37,5% (18)
5000 til 15000 kr.	9,1% (2)	20,0% (3)	6,2% (3)
15000 kr. eða meira	13,6% (3)	,	2,1% (1)

Vinna með skóla

Spurt var um hvort og þá hve margar klukkustundir á viku nemendurnir vinna með skólanum. Mikið hefur verið talað um að framhaldsskólanemendur vinni það mikið með skóla að það komi niður á námsárangri þeirra. Í töflu 12.

Tafla 12. Vinna með skóla

	Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i> Vinna ekki	60% (9)	60% (9)	43,8% (14)
<i>B</i> Vinna minna en 15 klst.	33,3% (5)	33,3% (5)	25% (10)
Vinna meira en 15 klst.	6,7% (1)	6,7% (1)	31,2% (5)
<i>Skóli</i> Vinna ekki	90,9% (20)	53,3% (8)	60,4% (29)
<i>A</i> Vinna 15 klst. eða minna	9,1% (2)	33,3% (4)	25% (11)
Vinna meira en 15 klst.	,	13,4% (1)	17% (8)

Almennt virðist utanbæjarhópurinn ólíklegri til að vinna með skóla en hinir hóparnir, einnig eru utanbæjarnemendur líklegri til að vinna færri klst. Hér er hugsanleg skýring á því hvers vegna þessir nemendur fá frekar vasapeninga en hinir hóparnir.


Þó er vissulega nokkur munur á þessum hópi milli skóla, en 40% utanbæjarhópsins úr skóla B vinna á móti 9% úr skóla A. Merkilegt er hve hlutfall stuðningshóps í skóla B virðist endurspeglar utanbæjarhópinn vel.

Þegar lítið er á innanbæjarhópinn sem heild kemur í ljós að tæplega helmingur þeirra vinnur með skólanum. Einnig má sjá að nokkuð stór hópur nemenda í innanbæjarhópnum vinnur 15 klukkutíma eða meira á viku.

Einkunnir


Spurt var um einkunnir á samræmdum prófum. Á mynd 9 má sjá hve hátt hlutfall nemenda var með einkunnir um 8 eða hærra, greint eftir hópum í hvorum skóla fyrir sig. Þar sjáum við að mun hærra hlutfall nemenda í skóla A var með einkunnir á þessu bili, en þeir sem stunda nám við skóla B. Munur á einkunnum nemenda í skólunum reyndist tölfræðilega marktækur ($R = .397$ $R^2 = .158$ $F = 26,931$ $p < .001$) en nemendur skóla A voru marktækt með hærri einkunnir á samræmdum prófum í tíunda bekk en nemendur skóla B. Hér verður þó að hafa í huga að það segir hugsanlega lítið til um gæði skólanna tveggja. Hugsanlegt er að skóli A taki síður inn nemendur með lágur einkunnir á samræmdum prófum en skóli B.

Mynd 9. Hlutfall nemenda voru með einkunnir um 8 eða hærra á samræmdum prófum eftir hópum í hvorum skóla



Einnig má sjá nokkurn mun milli hópa, en í báðum skólum er hlutfallið hæst hjá innanbæjarnemendum þó munurinn sé nokkuð meiri í skóla A. Þessi munur á einkunnum nemenda eftir búsetu reyndist hins vegar ekki marktækur ($p > .05$).

Mynd 10. Hlutfall nemenda sem fengu einkunnir um 5 eða lægra á samræmdum prófum eftir hópum í hvorum skóla



Af mynd 10 má sjá að enginn nemandi skóla A var með einkunnir um 5 eða lægra. Þetta sýnir betur hve mikill munur er á einkunnum nemenda í þessum tveimur skólum. Á meðan skóli B virðist hafa jafna dreifingu einkunna, dreifast einkunnir mun minna í skóla A. Þetta styður það sem hér að ofan var nefnt með val skólanna á nemendum. Þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á tengsl milli námsframmistöðu og áfengisneyslu þá bendir fátt til þess að svo sé í þeim gögnum sem hér um ræðir, enda

heldur ekki um að ræða núverandi námsárangur heldur árangur á samræmdum prófum í grunnskóla.

Viðhorf til skóla

Spurt var um hversu ánægðir eða óánægðir nemendur væru með skólann sem þeir höfðu valið. Hér er gert ráð fyrir því að óánægja með skólann geti með einhverjum hætti tengst áfengisneyslu. Í töflu 13 gefur að líta viðhorf hópanna þriggja til þess skóla sem þeir völdu.

Tafla 13. Viðhorf til skóla (%)

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	Mjög eða frekar ánægðir	100% (15)	73,3% (11)	78,1% (25)
	Veit ekki	0%	20% (3)	18,8% (6)
	Mjög eða frekar óánægðir	0%	6,7% (1)	3,1% (1)
<i>Skóli A</i>	Mjög eða frekar ánægðir	95,5% (21)	93,3% (14)	93,8% (45)
	Veit ekki	4,5% (1)	0%	4,2% (2)
	Mjög eða frekar óánægðir	0%	6,7% (1)	2,1% (1)

Almennt eru nemendur ánægðir með þann skóla sem þeir völdu. Hins vegar eru nemendur í stuðningshópi og innanbæjarhópi í skóla B óvissari í afstöðu sinni. Lítil munur er á milli hópa, þó má finna eilítið meiri óánægju hjá stuðningshópnum en hinum hópnum. Hafa þarf þó í huga að fjöldi einstaklinga bakvið prósentutöluna getur verið mismunandi milli skóla.

Samkomulag við bekkjarfélaga

Langflestum kemur vel saman við bekkjarfélaga sína samkvæmt upplýsingum í töflu 14. Hins vegar er nokkur munur á milli hópanna. Þannig eru fleiri nemendur í stuðningshópnum óvissir um það hvernig þeim semur við bekkjarfélaga sína en nemendur í hinum hópnum.

Tafla 14. Hversu vel kemur þér saman við bekkjarfélag þína?

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	Mjög vel	60% (9)	73,3% (11)	59,4% (19)
<i>B</i>	Frekar vel	26,7% (4)	6,7% (1)	37,5% (12)
	Veit ekki	13,3% (2)	20% (3)	3,1% (1)
	Mjög eða frekar illa	,	,	,
<i>Skóli</i>	Mjög vel	22,7% (5)	40% (6)	45,8% (22)
<i>A</i>	Frekar vel	72,7% (16)	40% (6)	43,8% (21)
	Veit ekki	4,5% (1)	20% (3)	10,4% (5)
	Mjög eða frekar illa	,	,	,

Athyglisvert er að nánast engum semur mjög eða frekar illa við einhverja af bekkjarfélögum sínum og á það við í báðum skólunum. Hugsanlega skiptir einhverju máli að nemendurnir voru nýlega byrjaðir í skólanum og því enn að kynnst bekkjarfélögum sínum.

Viðhorf til námsins

Í töflu 15 er að finna meðaltal hvers hóps á skala sem settur er saman úr spurningum 14a til 14c og 14e til 14i (sjá viðauka 1), sem allar snerta jákvætt eða neikvætt viðhorf til námsins. Meðaltal er tekið af svörunum á kvarðanum 1 til 5 og því hærra sem einstaklingur skorar á skalanum því jákvæðara er viðhorf hans til námsins.

Tafla 15. Viðhorf til námsins (Skali úr sp. 14a-14c og 14e-14i)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Meðalskor á skalanum (1-5)	4,21	4,11	4,23

Almennt er viðhorf til námsins frekar jákvætt, en samkvæmt þessu eru nemendur úr stuðningshópunum örlítið neikvæðari en nemendur í hinum tveim hópunum. Hér þarf að hafa í huga að gildi 3 eða miðju gildið stendur fyrir svarmöguleikann á „stundum

við um mig“. Af því má ráða að einhver hluti nemenda hafi stundum neikvætt viðhorf til námsins.

Tafla 16. Viðhorf til námsins fyrir nemendur í skóla B

(Skali úr sp. 14a-14c og 14e-14i)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Meðalskor á skalanum (1-5)	4,20	3,98	4,04

Í töflum 16 og 17 má sjá viðhorf til námsins sundurgreint eftir skólum. Þegar þetta er gert sést að munur er á milli hópa í skóla B, en nemendur í stuðningshópi virðast ekki eins jákvæðir út í námið og nemendur í hinum tveimur hópunum og þó er munurinn sérstaklega á milli hans og utanbæjarhópsins. Í skóla A er sáralítill munur milli hópa og ekki er að finna samskonar mun og í skóla B. Hins vegar hafa innanbæjarnemendurnir jákvæðasta viðhorfið til námsins.

Tafla 17. Viðhorf til námsins fyrir nemendur í skóla A

(Skali úr sp. 14a-14c og 14e-14i)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Meðalskor á skalanum (1-5)	4,21	4,23	4,36

Foreldralaus partý

Athyglisvert er hve stór hluti nemenda hefur einhvern tímann farið í foreldralaus partý þrátt fyrir að heyrst hafi áróður frá foreldrasamtökum og forvarnahópum gegn slíkum partýum á undanförunum árum.

Tafla 18. Foreldralaus partý.

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	Aldrei	6,7	20,0	3,1
<i>B</i>	1 til 4 skipti	26,6	26,7	21,9
	5 sinnum eða oftár	66,7	53,3	75,0
<i>Skóli</i>	Aldrei	9,1	13,3	14,6
<i>A</i>	1 til 4 skipti	13,6	26,7	20,8
	5 sinnum eða oftár	77,3	60,0	64,6

Hér má einnig sjá að slíkt er örlítið algengara meðal utanbæjarnemenda heldur en annarra (tafla 18). Þessi munur var þó ekki marktækur ($df=144/2$; $F=,983$; $p=.05$).

Staða í námi

Spurt var um hvar nemendur teldu sig standa í námi miðað við bekkjarfélag sína. Í töflu 19 má sjá niðurstöðurnar flokkaðar eftir hópum í hvorum skóla fyrir sig. Nokkur munur er á milli skóla en svo virðist sem fleiri nemendur í skóla A telji sig standa vel í námi. Í skóla A er mun hærra hlutfall innanbæjarnemenda sem telur sig vera yfir meðallagi en nemenda í hinum hópunum.

Tafla 19. Staða í námi

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	Yfir meðallagi	40,0	46,7	45,1
<i>B</i>	Í meðallagi	46,7	46,7	48,4
	Undir meðallagi	13,4	6,7	6,4
<i>Skóli</i>	Yfir meðallagi	45,4	26,7	64,6
<i>A</i>	Í meðallagi	50,0	73,3	33,3
	Undir meðallagi	4,5	0,0	2,1

Lítill sem enginn munur er milli hópa í skóla B, þó er eilítið hærra hlutfall utanbæjarnemenda sem telur sig undir meðallagi en í hinum hópunum tveimur. Á

hinn bóginn er hlutfall nemenda í skóla A sem telur sig undir meðallagi mun lægra í öllum hópum samborið við skóla B.

Stuðningur og aðhald foreldra

Stuðningur og aðhald foreldra eru mjög mikilvæg, sérstaklega þegar verið er að takast á við nýjar aðstæður og í nýju umhverfi. Þetta tvennt er mælt með tveimur skölum sem taka gildi frá 1 og upp í 4. Því lægra sem gildi nemenda er því meiri stuðningur og aðhald telur hann sig fá frá foreldrum. Í töflu 20 má sjá meðaltal nemenda á skala sem ætlað er að mæla stuðning foreldra.

Tafla 20. Stuðningur foreldra (Skali úr sp. 19a-19d)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Skóli B	3,57	3,65	3,43
Skóli A	3,66	3,32	3,46

Athyglisvert er að utanbæjarnemendur skora hærra en innanbæjarnemendur á þessum skala sem bendir til að þeir eigi af einhverjum ástæðum auðveldara með að fá stuðning frá foreldrum. Hugsanlegt er að innanbæjarnemendurnir séu síður meðvitaðir um þörf sína fyrir stuðning en þeir sem búa fjarri foreldrum.

Tafla 21. Aðhald foreldra (Skali úr sp. 21a-21c)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Skóli B	2,56	2,31	2,03
Skóli A	1,97	1,60	1,70

Þegar spurningar sem ætlað er að mæla aðhald foreldra eru settar saman í skala með mælikvarðanum 1 til 5 sjáum við að utanbæjarnemendur skora hærra á þeim skala en

innanbæjarnemendur (sjá töflu 21). Þetta gefur okkur vísbendingar um að foreldrar þeirra veiti þeim minna aðhald heldur en foreldrar innanbæjarnemenda.

Jákvæð viðhörf til áfengisneyslu

Tafla 22 hefur að geyma staðlaðan spurningaskala sem nefnist AEQ (Wilhelmsen et. al. 1998), og honum ætlað að mæla hve sammála fólk er því að áfengisneysla hafa jákvæð áhrif á fólk. Um er að ræða meðaltal svara á skalanum 1 til 4 og því lægra sem meðaltalið er því meira eru nemendur sammála því að áfengisneysla hafi jákvæð áhrif á fólk.

Tafla 22. Viðhorf til áhrifa áfengisneyslu (AEQ skalinn úr sp.38a-38k)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	2,27	2,06	2,16
<i>Skóli A</i>	2,58	2,76	2,67

Innan skólanna virðist ekki mikill munur á hópunum en nokkur munur er á milli skóla. Þó er ekki að finna sams konar mynstur innan skólanna. Þannig eru það nemendur í stuðningshópi skóla A sem eru hvað mest ósammála þessu. Í skóla B er þessu alveg öfugt farið, en stuðningshópurinn þar er mest sammála því að áfengisneysla hafi jákvæð áhrif á fólk. Nemendur í skóla A skora almennt hærra á skalanum sem segir okkur að þeir séu fremur ósammála því að áfengisneysla hafa jákvæð áhrif. Í skóla B eru nemendurnir nær því að vera almennt frekar sammála því að áfengi hafi jákvæð áhrif á þá sem neyta þess.

Vinahópurinn


Staða nemenda innan vinahópsins reyndist að flestra mati vera nokkuð góð. Til að mæla þetta var stuðst svið skala sem lýst var í aðferðafræðikafli. Í töflur 23 er að

finna upplýsingar um svörun nemenda á þeim skala. Á mynd 11 má sjá hlutfall nemenda sem fengu meðaltal á tilteknu bili. Því hærra sem meðaltalið er því betur eru tengsl nemenda við vínahópinn og því jákvæðari er reynsla þeirra af hópnun.

Tafla 23. Svör nemenda við vínahópsskala (sp 23a, 23c-23j)

Gildi	Fjöldi	%	Gildi	Fjöldi	%
1,00	1	0,7%	2,89	11	7,7%
1,78	1	0,7%	3,00	6	4,2%
2,00	1	0,7%	3,11	12	8,5%
2,11	2	1,4%	3,22	12	8,5%
2,22	3	2,1%	3,33	10	7,0%
2,33	1	3,5%	3,44	15	10,6%
2,44	3	4,2%	3,56	11	7,7%
2,56	5	6,3%	3,67	12	8,5%
2,67	6	7,7%	3,78	14	9,9%
2,78	9	4,2%	3,89	7	4,9%

Mynd 11. Hlutfall nemenda sem fengu meðaltal á tilteknu bili



Sjálfsmynd og sjálfsmat

Rosenberg skalinn er vel þekktur sem mælikvarði á sjálfsmat. Í honum eru spurningar sem tengjast sjálfsáliti og sjálfsvirðingu, sem mæla hversu hátt eða lágt sjálfsmat viðkomandi hefur. Tafla 24 hefur að geyma meðaltal svara hvers hóps á mælikvarðanum 1 til 4 fyrir sig í hvorum skóla.

Tafla 24. Rosenbergskalinn (Úr sp. 25a-25j)

	Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	2,38	2,39	2,39
<i>Skóli A</i>	2,35	2,28	2,33

Skalinn er þannig settur upp að því lægra gildi sem einstaklingur fær á skalanum því jákvæðari afstöðu hefur hann til sjálfs sín og því að öllum líkindum betri sjálfsmynd.

Allir hóparnir virðast nokkuð svipaðir, meðaltal þeirra liggur nokkurn veginn í miðjunni. Þetta bendir til að nemendurnir séu hvorki mjög óánægðir með sjálfa sig né heldur mjög ánægðir, þó eru þeir svona frekar ánægðir heldur en óánægðir. Lægsta gildið fær stuðningshópurinn í skóla A og því má segja að þeir hafi eilítið herra sjálfsmat en hinir hóparnir, þó ekki sé víst að munurinn sé marktækur.

Áfengisneysla síðustu 30 daga

Rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall nemenda í efstu bekkjum grunnskólans hafa þegar smakkað áfengi á þeim tíma. Því er athyglisvert að skoða hve hátt hlutfall nemenda í fyrst bekk framhaldsskólans hefur drukkið síðustu 30 daganna.

Tafla 25. Hlutfall þeirra sem hafa drukkið áfengi 1 sinni eða oftár síðustu 30 daga (%)

	Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	66,7	73,3	78,1
<i>Skóli A</i>	63,6	40,0	45,7

Hlutfallið er mismunandi eftir hópum og milli skóla. Í skóla B eru innanbæjarnemendur með hæsta hlutfallið, en í skóla A snýr þetta öfugt og þar eru utanbæjarnemendur líklegri til að hafa drukkið áfengi 1 sinni eða oftár á síðustu 30 dögum (tafla 25). Erfitt er að segja til um hvaða ályktanir megi draga af þessu án

frekari úrvinnslu. Er til dæmis líklegt að aðhald foreldra innanbæjarnemenda sé með ólíkum hætti á svæði skóla B og skóla A? Áfengisneysla virðist alla jafnan algengari í skóla B en skóla A óháð hópum (Sjá töflu 26).

Tafla 26. Áfengisneysla síðustu 30 daga óháð hópum (%)

	Aldrei	1 sinni eða oft
<i>Skóli B</i>	25,8	74,2
<i>Skóli A</i>	50,6	49,4

Á þessum aldri virðist áfengisneysla orðin það almenn að markvissara er að athuga drykkjumynstrið, t.d. með því að skoða hlutfall nemenda sem hafa orðið drukknir síðustu 30 daga fyrir könnunina. Í töflu 27 má sjá hlutfall nemenda sem orðið hafa drukknir síðustu 30 daga eftir hópum í hvorum skóla fyrir sig. Samkvæmt þessu mætti álykta að innanbæjarnemendur og nemendur í stuðningshópi í skóla B drekki oft og meira en utanbæjarnemendur í þeim skóla sem og nemendur í skóla A. Athyglisvert er að um 20% nemenda í stuðningshópnum hafa orðið drukknir 6 sinnum eða oft á síðustu 30 dögum, en til samanburðar er enginn af nemendum í stuðningshópi í skóla A sem segist hafa orðið drukknir 6 sinnum eða oft.

Tafla 27. Hlutfall nemenda sem orðið hafa drukknir síðustu 30 daga (%)

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	Aldrei	64,3	33,3	38,7
<i>B</i>	1-5 sinnum	28,6	46,7	54,8
	6 sinnum eða oft	7,1	20,0	6,5
<i>Skóli</i>	Aldrei	61,9	60,0	61,7
<i>A</i>	1-5 sinnum	4,8	13,4	8,5
	6 sinnum eða oft	4,8	0,0	0,0

Annað sem gefur til kynna neyslumynstrið er hve mikið magn er drukkið í hvert skipti. Næstu þrjár töflur (töflur 28-30) hafa að geyma upplýsingar um hve mikið

magn, þeir sem drekka, neyta í hvert skipti. Þegar kemur að neyslu bjórs, ciders eða alcopops eiga utanbæjarnemendur í skóli B vinninginn en tæplega 73% þeirra segjast hafa drukkið 4 litlar dósir eða meira af bjór, cider eða alcopop í hvert skipti. Almennt virðast nemendur í skóla B sem drekka á annað borð drekka meira en nemendurnir í skóla A.

Tafla 28. Hve mikið af bjór, cider eða alcopop drukkið í hvert skipti? (%)

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	3 litlar dósir eða minna	27,3	33,3	42,3
<i>B</i>	4 litlar dósir eða meira	72,7	66,7	57,7
<i>Skóli</i>	3 litlar dósir eða minna	55,6	77,8	46,7
<i>A</i>	4 litlar dósir eða meira	44,4	22,2	53,3

Í töflu 29 er að finna sömu upplýsingar varðandi neyslu á léttvíni. Lítið virðist vera um það að nemendur drekki mikið magn af léttvíni en flestir drekka aðeins 1-2 glös í hvert skipti. Utanbæjarnemendur í báðum skólum skera sig þó eilítið úr í þessum eignum.

Tafla 29. Hve mikið af léttvíni drukkið í hvert skipti? (%)

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli</i>	1-2 glös eða minna	55,6	77,8	81,3
<i>B</i>	1/2 flösku eða meira	44,4	22,2	18,7
<i>Skóli</i>	1-2 glös eða minna	45,4	85,7	71,4
<i>A</i>	1/2 flösku eða meira	54,6	14,3	28,6

Hvað neyslu á sterku víni varðar (Sjá töflu 30) kemur fram að nokkur hluti nemenda drekkur meira en 4 cl í hvert skipti sem sterkt vín er drukkið. Hér er þó munur á milli skóla og hópa, þannig að hæst er hlutfallið hjá nemendum í stuðningshópi í skóla B en

hæst er það hjá innanbæjarnemendum í skóla A. Hafa verður þó í huga að hóparnir eru misstórir og því færri einstaklingar bak við hvert prósent í stuðningshópnum.


Tafla 30. Hve mikið af sterku víni drukkið í hvert skipti? (%)

		Útanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Skóli	Mínna eða jafnt og 3 cl	44,4	25,0	36,3
B	Meira eða jafnt og 4 cl	55,6	75,0	63,7
Skóli	Mínna eða jafnt og 3 cl	53,3	57,1	40,0
A	Meira eða jafnt og 4 cl	46,7	42,9	60,0

Ólögleg vímuefnaneysla

Ólögleg vímuefnaneysla virðist stöðugt koma upp í opinberri umræðu í landinu. Kannanir á Íslandi sýna að hlutfall þeirra sem einhvern tímann hafa neytt ólöglegra vímuefna af einhverju tagi sé á bilinu 0,2% til 22,8%. Þar kemur fram að af ólöglegum vímuefnum er það helst hass eða önnur kannabisefni sem þessi aldurshópur fiktar við (Rannsóknir og greining, 2000). Spurt var um neyslu á tilteknum efnum sem talin eru ólögleg. Svörun nemenda má sjá á mynd 12.

Mynd 12. Hlutfall nemenda sem segjast einhvern tímann hafa notað tiltekin efni



Eins og fram kemur í aðferðafræðikafla hér að framan var ákveðið að vinna með skala sem inniheldur aðeins hluta þessara efna. Þegar minnst er á ólögleg vímuefni hér á eftir er átt við þessi fimm efni sem tilheyra þessum skala.

Í töflu 31 má sjá hve hátt hlutfall nemenda í hverjum hópi segist hafa neytt einhverra ólöglegra fíkniefna 1 sinni eða oftar. Rétt er þó að taka fram að langflestir hafa prófað 1-2 sinnum, mjög fáir nemendur hafa neytt slíkra efna oft og enn færri neyta þeirra reglulega. Sjá má nokkurn mun milli hópa sem og skóla. Þó verður að fara varlega í að túlka prósentutölurnar þar sem um svo lítið úrtak er að ræða og fáir einstaklingar á bakvið prósenturnar.

Tafla 31. Hlutfall nemenda sem hafa neytt ólöglegra vímuefna (%)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Skóli B	7,1% (1)	33,3% (5)	14,7% (5)
Skóli A	9% (2)	6,7% (1)	8,7% (4)

Þegar litið er á svörunina eftir skólum má sjá að 20,5% utanbæjarnemenda úr skóla B segjast hafa neytt slíkra efna 1 sinni eða oftar á móti 8,1% utanbæjarnemenda í skóla A (Hér er átt við alla utanbæjarnemendur líka nemendur í stuðningshópum). Nokkuð meiri neysla mældist í skóla B og þá var sérstaklega mikill munur á milli stuðningshópanna í skólunum tveimur. Þetta virðist vera í samræmi við það sem fram kom í viðtölum í rýnihópum. Þar kom fram hjá nemendum skóla B að mikið væri um að vera á heimavistinni og þar væri ýmis tilraunastarfsemi í gangi sem m.a. snýr að neyslu áfengis og annarra vímuefna (Viðtöl tekin í skóla A og skóla B haustið 2002) .

Af þeim ólöglegu vímuefnum sem spurt var um höfðu nemendur einna helst neytt kannabis (hass). Greinilegt er að einhver hópur nemenda hefur neytt hass, en sá hópur er ekki stór og flestir sem segjast hafa neytt þess hafa prófað það 1-2 sinnum (Sjá

töflu 32). Í skóla B er hlutfall nemenda sem prófað hefur hass eilítið hærra en í skóla A. Einnig eru munur á milli skóla þegar notkunin er greind eftir fjölda skipta.

Tafla 32. Hassneyska (%)

		Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	Aldrei	86,7%	73,3%	90,6%
	1-2 sinnum	6,7%	13,3%	9,4%
	3 sinnum eða oftar	6,7%	13,4%	0,0%
<i>Skóli A</i>	Aldrei	95,5%	93,3%	95,8%
	1-2 sinnum	4,5%	6,7%	0,0%
	3 sinnum eða oftar	0,0%	0,0%	4,2%

Utanbæjarnemendur og nemendur í stuðningshópi í skóla B virðast vera líklegri til að hafa neytt hass 3 sinnum eða oftar heldur en nemendur út skóla A í sömu hópum. Hafa þarf í huga að hér er ekki um marga einstaklinga að ræða.

Viðhorf til heimabyggðar og skólasvæðis

Reynt var að mæla viðhorf til heimabyggðar og skólasvæðis með ákveðnum spurningum sem mynda viðhorfsskala (Sp. 41a-i og 42a-i). Því hærra sem viðkomandi fær á skalanum því jákvæðara viðhorf hefur hann til svæðisins. Þess ber að geta að hægt er að líta á þenna skala sem einkunnargjöf fyrir svæðið. Í töflu 33 má sjá viðhorf nemenda til heimabyggðar sinnar, en eins og áður hefur komið fram býr hluti þeirra fjarri heimabyggð.

Tafla 33. Viðhorf til heimabyggðar (Meðaltal á skala 1-10)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
<i>Skóli B</i>	5,99	6,55	6,59
<i>Skóli A</i>	6,22	5,66	6,98

Innanbæjarnemendur í skóla A eru hvað jákvæðastir í garð heimabyggðar samkvæmt þessu. Neikvæðastir eru nemendur í stuðningshópi í skóla A, hugsanlega eru einhver tengsl milli þess og að þeir eru jákvæðastir í garð skólasvæðisins (Sjá töflu 34).

Tafla 34. Viðhorf til skólasvæðis (Meðaltal á skala 1-10)

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur	Innanbæjarhópur
Skóli B	6,72	6,28	6,40
Skóli A	6,53	7,89	7,75

Tilgátuprófanir

Settar voru fram fjórar tilgátur í upphafi. Til að sannprófa þær þarf að byrja á að greina hvort fylgni sé á milli þeirra frumbreyta og þeirra fylgibreyta sem verið er að rannsaka. Unnið er út frá heildarlíkani sem samanstendur af þeim áhrifaþáttum sem kenningarnar gera ráð fyrir að hafi áhrif á áfengisneyslu meðal unglinga. Vissulega mætti færa rök fyrir því að fleiri þættir ættu heima í þessu líkani en hér gefst einungis færi á að meta þetta tiltekna líkan. Í töflu 35. má sjá fylgni milli þeirra breyta sem um ræðir.

Tafla 35. Fylgni milli breyta (feitlettruðu tölurnar eru marktækar a.m.k. við .05)

	Áfengis- neysla	AEQ- skalinn	Aðhald foreldra	Innan- bæjar	Skóli	Utan- bæjar	Áfengisn. jafningja	Kyn	Rosenberg skalinn	Stuðningu foreldra
Áfengisneysla										
AEQ-skalinn	-0,43									
Aðhald for.	0,24	-0,23								
Innanbæjar	-0,10	0,09	-0,18							
Skóli	0,27	-0,32	0,22	-0,01						
Utanbæjar	0,08	-0,05	0,18	-0,63	-0,06					
Áfengisn. vina	-0,46	0,45	-0,21	0,23	-0,40	-0,17				
Kyn	0,06	-0,03	0,08	0,11	0,08	-0,10	-0,08			
Rosenberg skali	0,04	-0,04	0,02	-0,05	-0,07	-0,05	0,01	-0,24		
Stuðningur for.	-0,05	0,03	0,07	-0,12	0,03	0,15	-0,01	-0,13	-0,24	

Á mynd 13 má sjá hvernig aðhvarfsgreiningarformúlan lítur út fyrir líkanið sem unnið er með. Með þessu er hægt að greina hvort frumbreyturnar hafa marktæk áhrif á fylgibreytuna áfengisneysla.

Mynd 13. Líkan 1a

$$\begin{aligned} \text{Áfengisneysla} &= a + b_1(\text{dskóli}) + b_2(\text{áfengisneysla jafningja}) \\ &+ b_3(\text{utanbæjar (dummy)}) + b_4(\text{innanbæjar (dummy)}) + b_5(\text{aðhald foreldra}) \\ &+ b_6(\text{AEQ-skalinn}) + b_7(\text{Rosenberg-skalinn}) + b_8(\text{kyn}) \\ &+ b_9(\text{stuðningur foreldra}) \end{aligned}$$

Hægt hefði verið að gera einfalda aðhvarfsgreiningu fyrir hvert og eitt samband milli frumbreyta og fylgibreyta en með því að gera fjölbreytu aðhvarfsgreiningu er hægt að stjórna fyrir hugsanlegu sambandi annarra frumbreyta við fylgibreytuna og sambandi þeirra við þær frumbreytur sem unnið er með. Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar (sjá töflu 36) eru notaðar til að segja til um hvort tilgáturarnar standast eða ekki. Eins og áður hefur komið fram er mjög ólíklegt að hægt sé að finna marktækt samband með svo lítið úrtak sem hér er notað, þó fást vísbendingar um það hvort eitthvert samband er milli breytanna og með hvaða hætti þau eru.

Tafla 36. Aðhvarfsgreining.

Líkan	B	Staðalvillan	Beta	t	marktækni
(Skurðpunktur)	8,148	1,401		5,814	0,000
AEQ-skalin	-0,077	0,028	-0,235	-2,736	0,007
aðhald foreldra	0,326	0,201	0,128	1,626	0,106
innanbæjar (dummy)	0,094	0,456	0,020	0,207	0,837
skóli (dummy)	0,306	0,390	0,065	0,785	0,434
utanbæjar (dummy)	0,160	0,521	0,030	0,307	0,759
áfengisneysla jafningja	-0,132	0,039	-0,297	-3,360	0,001
kyn	-0,001	0,379	0,000	-0,002	0,999
Rosenberg-skalin	0,009	0,028	0,025	0,320	0,750
stuðningur foreldra	0,093	0,208	-0,035	-0,448	0,655

Líkan	R	R square	Adjusted R Square	Std. error of the Estimate
1	0,542	0,294	0,246	2,02031

Model	Sum of squares	df	Mean square	F	marktækni
Regression	224,407	9	24,934	6,109	0,000
Residual	538,776	132	4,082		
Total	763,183	141			

Mynd 14. Líkan 1b

$$\begin{aligned} \text{Áfengisneysla} = & 8,148 + 0,306(\text{skóli (dummy)}) - 0,132 (\text{áfengisneysla} \\ & \text{jafningja}) + 0,160(\text{utanbæjar (dummy)}) + 0,094(\text{innanbæjar (dummy)}) \\ & + 0,326(\text{aðhald foreldra}) - 0,077(\text{AEQ-skalin}) + 0,009(\text{Rosenberg-} \\ & \text{skalin}) - 0,001(\text{kyn}) + 0,093(\text{stuðningur foreldra}) \end{aligned}$$

Tilgáta 1 gengur út á að áfengisneysla innan vinahópsins í heild hafi áhrif á áfengisneyslu þeirra sem honum tilheyra eða vilja tilheyra hópnun. Samkvæmt greiningunni má sjá að áfengisneysla vina hefur marktæk áhrif á áfengisneyslu

nemenda. Sambandinu er hægt að lýsa með eftirfarandi hætti: Því meiri sem áfengisneysla vina er því meiri er áfengisneysla hvers og eins einstaklings.

Tilgáta 2 gerði ráð fyrir því að jákvætt viðhorf til áfengisneyslu hefði áhrif á neyslu þeirra sem honum tilheyra. AEQ-skalanum er ætlað að mæla viðhorf til áfengisneyslu. Eins og sjá má í töflu 36 reyndist AEQ-skalin marktækur. Því jákvæðara sem viðhörf nemenda eru því meiri er eigin áfengisneysla. Einnig má segja þetta með öðrum hætti: Þeir sem drekka hvað mest hafa jákvæðustu viðhorfin til áfengisneyslu.

Tilgáta 3 gekk út á að sterk sjálfsmýnd myndi auka líkurnar á því að nemendur sem ekki vildu drekka stæðust þrýsting jafningjahópsins. Ekki mældist marktæk fylgni milli Rosenberg-skalans og þeirra spurninga sem ætlað var að mæla þrýsting frá jafningjahópnum og því er ekki hægt að staðfesta þá tilgátu. Þó er heldur ekki hægt að hafna henni alfarið þar sem annars konar mæling gæti hentað betur, t.d. hefði mátt spyrja beint út um þrýsting frá jafningjahópnum.


Samkvæmt tilgátu 4 á taumhald foreldra að hafa neikvæð áhrif á áfengisneyslu nemenda, þ.e. nemendur sem búa við mikið aðhald foreldra ættu samkvæmt þessu að drekka síður eða drekka minna en þeir sem búa við minna aðhald frá foreldrum. Áfengisneysla þeirra sem búa við mikið aðhald foreldra (samkvæmt þeim spurningum sem lagðar voru fyrir) mælist ekki marktækt minni en annarra, því geta þessi gögn ekki stutt þessa tilgátu.

Mat á stuðningskerfinu

Ætlunin var í upphafi að gera mat á stuðningskerfinu „Sjálfstæði-Árangur-Öryggi“ sem fælist í því að mæla stöðuna á þremur tímamökum. Vegna umfangs verkefnisins, skipulags skólans, fjárhags- og tímaramma varð þriðja mælingin ekki framvæmanleg svo matið varð ekki eins ýtarlegt og til stóð í byrjun. Fyrsta mælingin fór fram áður en nemendur hófu þátttöku í stuðningshópnum en sú síðari að lokinni

Þátttöku. Í félagsvísindum er ávallt erfitt að tengja saman orsakir og afleiðingar. Ekki er hægt að segja með tölfræðilegri vissu að tiltekna breytingar séu tilkomnar vegna afmarkaðra aðgerða eins og stuðningskerfinu sem stuðst var við. Hér verða því einungis birtar fáeinar tölulegar upplýsingar sem sýna stöðuna fyrir og eftir þátttöku í stuðningshópnum. Auk þess verður tekið saman mat umsjónarmanna stuðningshópanna, en fyrir þá var lagt spurningaskema, þar sem þeir voru beðnir um að meta stuðningsverkefnið og vinnuna með hópnum.

Mynd 15. Hlutfall nemenda í skóla A sem orðið hafa drukknir einhvern tímann á síðustu 30 dögum.




Áfengisneysla og áhrif flutningsins

Í skóla A höfðu hlutfallslega jafnmargir utanbæjarnemendur orðið drukknir á fyrra og síðara tímabilinu. Hinir hóparnir virðast draga úr ölvunardrykkju sinni þar sem hlutfallslega færri nemendur sögðust hafa orðið drukknir á síðustu 30 dögum á síðara tímabilinu en því fyrra (sjá mynd 15). Á mynd 16 má sjá hvernig þessu háttáði hjá skóla B. Segja má að samskonar mynstur hafi komið fram þar meðal

innanbæjarnemenda og nemenda í stuðningshópnum, en í þeim skóla virðist ölvunardrykkja aukast meðal annarra utanbæjarnemenda.

Mynd 16. Hlutfall nemenda í skóla B sem hafa einhvern tímann orðið drukknir á síðustu 30 dögum.



Erfitt er að meta hvort þátttaka í stuðningshópnum hafi haft þau áhrif að nemendur í stuðningshópi yrðu síður drukknir síðustu 30 daga fyrir könnunina. Það að nemendur í innanbæjarhópi drógu einnig úr ölvunardrykkju sinni gefur tilefni til að meta þetta með öðrum hætti. Hér vakna upp ýmsar spurningar sem erfitt er að svara út frá þeim gögnum sem unnið er með í þessari rannsókn. Hvað eiga þessir tveir hópar sameiginlegt sem hægt væri að tengja við þessar niðurstöður? Er hugsanlegt að þessir tveir hópar fái meira aðhald og stuðning en nemendur í utanbæjarhópnum sem ekki tóku þátt í stuðningshópnum? Getur verið að það hafi haft áhrif að síðari fyrirlögnin fór fram í lok annar eða rétt fyrir jólaprófin? Ef það hefur haft áhrif, átti það bara við um þá nemendur sem njóta stuðnings og aðhalds frá foreldrum eða öðrum fullorðnum aðila sem þeir leita til og treysta?

Í síðari fyrirlögninni voru nemendur spurðir að því hvort það að flytja að heiman hefði haft einhver áhrif á áfengisneyslu þeirra. Í töflu 37 má sjá svör nemenda við þeirri spurningu.

Tafla 37. Hvaða áhrif hefur það (ef einhver) að flytja að heiman haft á áfengisneyslu þína? Svör nemenda úr skóla B

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur
Engin áhrif eða viðkomandi drekkur ekki	50,0% (12)	77,0% (10)
Ég drekk áfengi sjaldnar en áður	12,5% (3)	7,7% (1)
Ég verð sjaldnar drukkin(n) en áður	12,5% (3)	0%
Ég drekk áfengi oftari en áður	16,7% (4)	7,7% (1)
Ég verð oftari drukkin(n) en áður	0%	7,7% (1)
Ég drekk sjaldnar og verð sjaldnar drukkin(n) en áður	4,2% (1)	0%
Ég drekk oftari og verð oftari drukkin(n) en áður	4,2% (1)	0%


Markverðast hér er hve hátt hlutfall utanbæjarnemenda segjast drekka sjaldnar og verða sjaldnar drukknir eftir að þeir fóru að heiman í framhaldsskólann (Sjá einnig mynd 14). Í skóla B voru tveir nemendur úr stuðningshópnum sem ekki náðist til í síðari umferðinni vegna veikinda. Tafla 38 sýnir svör nemenda í skóla A við þessum spurningum.

Tafla 38. Hvaða áhrif hefur það (ef einhver) að flytja að heiman haft á áfengisneyslu þína? Svör nemenda úr skóla A

	Utanbæjarhópur	Stuðningshópur
Engin áhrif eða viðkomandi drekkur ekki	62,5% (10)	66,7,0% (10)
Ég drekk áfengi sjaldnar en áður	18,8% (3)	6,7% (1)
Ég verð sjaldnar drukkin(n) en áður	6,3% (1)	0%
Ég drekk áfengi oftari en áður	6,3% (1)	13,3% (2)
Ég verð oftari drukkin(n) en áður	0%	0%
Ég drekk sjaldnar og verð sjaldnar drukkin(n) en áður	0%	6,7% (1)
Ég drekk oftari og verð oftari drukkin(n) en áður	6,7% (1)	6,7% (1)


Á mynd 17 má sjá nánari greiningu á svörum nemenda skólanna beggja við umræddri spurningu. Í báðum skólunum sagði stærsti hópurinn að flutningur að heiman hefði engin áhrif haft á áfengisneysluna og allmargir sögðust ekki drekka áfengi. Hlutfallslega virðist algengara að neyslan aukist við flutninginn heldur en að hún minnki. Hins vegar verður að hafa í huga að hér er um fáa einstaklinga að ræða svo að ekki er hægt að líta á þetta sem afgerandi niðurstöðu.

Mynd 17. Áhrif þess að flytja að heiman á áfengisneyslu



Er hugsanlegt að sjálfstraust og sjálfsálit nemenda hafi aukist við það að taka þátt í stuðningshópnum? Mynd 18 sýnir niðurstöður úr Rosenberg-skalanum í bæði skiptin, en honum er ætlað að meta sjálfsálit nemenda.

Mynd 18. Meðaltal nemenda á Rosenberg-skalanum.



Merkilegt er hve sjálfsálit utanbæjarnemenda og innanbæjarnemenda virðist aukast en sjálfsálit þeirra sem tóku þátt í stuðningshópi stendur í stað. Hér verður þó að hafa í huga að sjálfsálit nemenda í stuðningshópi reyndist í báðum skólunum vera hærra en hinna nemendahópanna í upphafi. Í síðari fyrirlögninni má segja að meðaltal hópanna á Rosenberg-skalanum sé nokkuð jafnt.

Mat umsjónarmanna

Spurningalistinn sem lagður var fyrir umsjónarmenn innihélt m.a. spurningar um væntingar þeirra til verkefnisins bæði í upphafi og í lok þess, spurningar um hvernig þeim fannst ganga með einstaka þætti verkefnisins, ofl.

1. Væntingar til verkefnisins í upphafi

Umsjónarmennirnir höfðu að mörgu leyti svipaðar væntingar í upphafi. Þeir væntu þess að þátttaka í hópnum myndi hjálpa nemendum að takast á við ný verkefni og nýjar aðstæður. Annar þeirra nefndi að verkefnið gæti styrkt þau í ákvarðanatöku varðandi vímuefni. Hinum þótti ljóst að nýta mætti þetta sem undirbúning að smíði áfanga sem bjóða mætti nýnemum á heimavist upp á þeim til stuðnings.

2. Breyttar væntingar

Hvorugur umsjónarmannanna taldi væntingar sínar hafa breyst á meðan á vinnunni með hópnum stóð. Annar þeirra taldi þó að félagslegu tengslin sem mynduðust innan hópsins hefðu gagnast þeim sem ekki bjuggu á heimavistinni sérlega vel.

3. Hvernig tókst til?

Umsjónarmönnum þótti allir þættir verkefnisins ganga ýmist mjög vel eða frekar vel. Þetta verður ekki túlkað öðruvísi en að þeim hafi þótt verkefnið ganga vel og takast með ágætum. Vinnan í hópnum tókst almennt vel að mati umsjónarmanna, þó svo að

annar þeirra hafi orðið var við að nemendur vildu hætta þátttöku þegar þeim hafi orðið ljóst að ekki fengist frí í öðrum tímum í staðinn. Virk þátttaka reyndist sumum tamari en öðrum.

4. Athugasemdir og annað sem umsjónarmenn vildu taka fram

Öðrum umsjónarmanninum þótti kaflinn „að heiman“ ná hvað best til nemendanna. Hjá þeim kom fram að fæstir nemendanna voru vanir að tala um sjálfa sig og tjá sig fyrir framan aðra. Þegar ræða átti persónuleg málefni varð umræðan öll þyngri og erfitt var að fá umræðuna af stað. Þetta átti sérstaklega við um kaflana „eiginleikar mínir“ og „sjálfsmyndin“. Annar umsjónarmannanna tók það fram að sér hefði fundist vanta að halda samráðsfund með hinum umsjónarmönnum. Þannig hefðu umsjónarmenn fengið stuðning af hvor öðrum og síður upplifað sig eina með starfið.

Umsjónarmenn voru spurðir út í hvaða reynslu þeir teldu nemendur hafðu fengið með þátttökunni. Töldu þeir að verkefnið hafi í það minnsta vakið nemendur til umhugsunar um þau málefni sem fyrir voru tekin. Annar þeirra taldi upplifun nemenda af verkefninu afar mismunandi og háða því af hvaða ástæðum þeir hefðu samþykkt að vera með. Þeir töldu að flestir nemendurnir hefðu verið ánægðir með þátttökuna jafnvel þó sumir þeirra hefðu verið neikvæðir í upphafi. Einnig kom fram sú skoðun þeirra að flestir nemendur teldur sig hafa haft gagn af þátttökunni í hópnum.

Annar umsjónarmannanna gat þess að skipting nemenda í hópana hefði hugsanlega mátt vera önnur og segir hann orðrétt:

Sum þessara nemenda voru mjög góðir nemendur, bjuggu við góðar aðstæður og vinahópurinn til fyrirmyndar (þægu nemendurnir) á meðan aðrir voru í mismiklum

erfiðleikum. Þessir „fyrirmyndar nemendur“ sáu tilgang sinn í hópstarfinu öðruvísi en hinir. Það sem ég er að reyna að segja er að gjáin á milli nemenda í saman hópi var of djúp. Áhugi á umræðuefni og það sem kom upp í umræðunni var svo gjörólíkt og virkaði hamlandi í umræðunni.

Að lokum er vert að taka fram að umsjónarmenn töldu nemendur hafa bætt félagsleg tengsl sín með þátttöku í hópunum. Erfitt er að segja til um hvort þessi félagslegu tengsl séu þeim til framdráttar eða ekki, því vissulega fer það alfarið eftir félagahópnum.

Umræða

Áfengisneysla og neyslumynstur fólks stjórnast af mörgum ólíkum þáttum og ekki er hægt að tala um bein orsakatengsl. Um er að ræða áhrifaþætti sem auka líkurnar á umgengni við áfengi sé með einum eða öðrum hætti.

Áfengisneysla er nokkuð almenn meðal þess aldurshóps sem hér um ræðir, þrátt fyrir að löggjöfin geri ekki ráð fyrir að unglingar á þessum aldri hafi aðgang að áfengi. Þetta sýnir glögglega að lagasetningar einar sér duga skammt ef þær eru á skjön við gildandi viðhorf samfélagsins. Ef almennt viðhorf samfélagsins leggur blessun sína yfir áfengisneyslu þessa aldurshóps, eða lýsa sér í afskiptaleysi, þá eru auknar líkur á því að þessi aldurshópur hefji neyslu á áfengi eða auki neyslu sína. Annað sem virðist hafa veruleg áhrif á það hvort unglingar á þessum aldri neyta áfengis eru þær aðstæður sem þeir eru í hverju sinni, þ.e.a.s. neyslan er tengd tilteknum atburðum eða aðstæðum. Til dæmis er neyslan oft tengd skólaupptökum, partyum, prófalokum, busavíxlu o.s.frv. Í samtali við námsráðgjafa í skóla A kom

fram að nemendur sem falla úr skóla á fyrsta ári geri það flestir af þeirri ástæðu að þeir ráða einhverra hluta vegna ekki við námið. Hins vegar taldi hún mun algengara að þeir sem falla úr síðar á skólagöngunni geri það vegna þess að þeir hafi ekki gefið náminu nægan tíma með því að stunda skemmtanálífið grimmt.

Í þessari tilteknu rannsókn virðist koma fram munur á milli skólasvæðanna sem bendir til þess að aðstæður, viðhorf og gildi séu með ólíkum hætti á þessum tveimur stöðum. Það að skólarnir eru ólíkir að uppbyggingu og skipulagi gæti haft áhrif á þau viðhorf og gildi sem í gangi eru innan skólasamfélagsins. Neyslumening íbúa svæðanna tveggja gæti einnig verið með ólíkum hætti. Hvert samfélag hefur sína eigin menningu og því má gera ráð fyrir að nemendur sem flytja inn í nýtt samfélag aðlagi sig að þeirri menningu og þeim viðhorfum sem þar ríkjá. Þetta gæti skýrt þann mun sem er á milli skólanna. Er hugsanlegt að skilgreiningin á því hvenær unglingur telst fullorðinn sé ekki sú sama á báðum stöðum? Fram kom í meistaraprófsritgerð Höllu Marteinsdóttur (2004) að almenningur í þeim landshluta sem skóli B tilheyrir hafi lagst gegn því að sveitaböll væru bönnuð inn á 18 ára, en hingað til hafa 16 ára unglingar komist inn á slík böll. Í þeirri afstöðu felst ákveðin vísbending um viðmið og gildi á svæðinu hvað þetta varðar. Svo virðist vera að rannsóknargögn þau sem hér hefur verið unnið með bendi til þess að munur sé á áfengismenningu svæðanna tveggja. En það virðist vera sem neyslumening svæðna hafi áhrif á það hvernig neyslumening unglínganna verður. Einstaklingur sem kemur inn í samfélag þar sem jákvætt viðhorft er til áfengisneyslu er líklegri til að hefja neyslu jafnvel þó svo að hans eigin viðhorf séu neikvæðari sem og viðhorf foreldra hans. Áhrif svæðanna eru sterk og flestir taka upp þau viðmið og gildi sem þar ríkjá.

Niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu ungs fólks hér á landi undanfarin ár benda til þess að neysla ólöglegra vímuefna sé minni meðal nemenda í

framhaldsskólum en þeirra sem ekki stunda formlegt nám í skóla (Rannsóknir og greining, 2000). Niðurstöðurnar sem hér hefur verið fjallað um ber saman við niðurstöður þessara rannsókna. Þó rannsóknirnar gefi ástæðu til hjartsýni um að ástandið meðal þessa aldurshóps sé ekki eins slæmt og margur vill halda þá verður ekki horft framhjá því að þeir sem leiðst hafa út í vímuefnaneyslu eru oftast en ekki á hálli braut. Þeir nemendur sem hafa neytt þessara efna að einhverju marki flosna frekar upp úr skóla, ýmist fyrir lok grunnskólans eða á fyrstu árum framhaldsskólans.

Hafa þarf í huga að gögnin sem hér er notast við eru eingöngu til þess fallin að segja til um stöðuna í þeim skólum sem tóku þátt í því en ekki til þess að alhæfa fyrir alla framhaldsskólanemendur. Eins verður ekki horft fram hjá því að vegna smæðar úrtaks reyndust ýmist þættir ekki marktækir, sem þó hafa oft reynst vera það. Það má búast við því að í stærra úrtaki hefðu náðst marktækari mælingar.

Deila má um réttmæti þeirra spurninga sem notaðar voru m.a. má velta fyrir sér hvort ekki hefði verið betra að spyrja nemendur beint út um stuðning og aðhald foreldra í stað þess að setja saman skala sem ætlað var að vera mat á stuðningi og aðhaldi foreldra. Eftir á að hyggja hefði það sennilegast skilað nákvæmari mælingu eða alla vegna annars konar mælingu.

Síðari fyrirlögn fór fram á prófatíma og eðlilegt að gera ráðfyrir minni áfengisneyslu á þeim tíma. Hins vegar er athyglisvert að áfengisneyslan virðist einungis dragast saman hjá innanbæjarnemendum og þeim nemendum sem tóku þátt í stuðningskerfinu. Erfitt er að segja til um hvort sá samdráttur sem varð á áfengisneyslu nemenda sem tóku þátt í stuðningshópi hafi alfarið verið þátttökunni að þakka. Hugsanlegt er að þó sjálfsmynd nemenda í stuðningshópi hafi ekki breyst sérstaklega við þátttökuna að þeir hafi öðlast aðra sýn á veru sína í skólanum. Einnig má leiða líkur að því að þeir hafi upplifað aðhald og stuðning frá hópnum og

Eyjaverkefnið: Áfengis- og vímuefnaneysla ungs fólks á aldrinum 16 til 17 ára

leiðbeinanda hans. Sá stuðningur og það aðhald er líklegt til að halda þeim við efnið í prófunum og draga þannig úr líkum á partýstandi og áfengisneyslu.

Heimildaskrá

- Adalbjarnardóttir, S. and Rafnsson, F. D. (2001). Perceived Control in Adolescent Substance Use: Concurrent and Longitudinal Analyses. *Psychology of Addictive Behaviors*, 15.
- Agnew, R. and Petersen, D. M. (1989). Leisure and delinquency. *Social Problems*, 36(4), 333-351.
- Anderson, B. (2003). Drogvanor i gymnasíets árskurs 2 vðren 2003. *Alkohol & narkotika*; 97(4-5). Svíþjóð: CAN.
- Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir (2002). *Stuðningskerfið sjálfstæði-árangur-öryggi*. Reykjavík.
- Ása Guðmundsdóttir og Hildigunnur Ólafsdóttir (2001). *Fíkniefni og forvarnir: handbók fyrir heimili og skóla*. Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson ritstjórar. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Baccaria, F. and Guidoni, O. V. (2002). Young people in a wet culture: Function and patterns of drinking. *Contemporary Drug Problems*; 29(2), 305.
- Baldacchino, G. and Milne, D. (eds.) (2000). *Lessons from the Political Economy of Small Islands. The resourcefulness of jurisdiction* (pp. 231-241). Canada: Institute of island studies and the University of Prince Edward Island.
- Baumrind, D. (1991). The influence of parenting style on adolescent competence and substance use. *Journal of Early Adolescence*, 11, 56-95.
- Caldwell, C. L. and Darling, N. (1999) Leisure context, parental control, and resistance to peer pressure as predictors of adolescent partying and substance use: An ecological perspective. *Journal of Leisure Research* 37, 57-77. Arlington.

- Coggans, N., og McKellar, S. (1994). Drug use amongst peers: Peer pressure or peer preference? *Drugs, Education, Prevention and Policy*, 1, 1, 15-26. DiBlasio, F. (1986). Drinking adolescents on the roads. *Journal of Youth and Adolescence*, 15, 173-188.
- Coleman, James S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-123.
- Durkheim, E. ([1897] 1951). *Suicide: A study in sociology*. London: Routledge.
- Freeman, H. and Brown, B.B. (2001). Primary attachment to parents and peers during adolescence: Differences by attachment style. *Journal of youth and adolescence* 30, 653-674. NewYork.
- Hagstofuvefurinn www.hagstofa.is .
- Halla Marteinsdóttir (2004). *Skál og syngja Skagfirðingar: Veruleiki ungs fólks í Skagafirði*. Meistaraprófsritgarð við Háskóla Íslands.
- Hawkins, J.D., Graham, J.W. og Maguin, E. (1997). Exploring the effects of age on alcohol use initiation and psychosocial risk factors on subsequent alcohol misuse. *Journal of Studies on Alcohol*, 58, 280-90;
- Helgi Gunnlaugsson (2001). *Fíkniefni og forvarnir: handbók fyrir heimili og skóla*. Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson ritstjórar. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Hibell, B., Andersson, B., Ahlström, S., Balakireva, O., Bjarnason, Th., Kokkevi, A. and Morgan, M. (2000). *The 1999 ESPAD Report. Alcohol and other drug use among students in 30 European countries*. Stockholm, Sweden: CAN, Council of Europe, the Pompidou Group.
- Hildigunnur Ólafsdóttir (1982). Hvað eru unglingavandamál? *Hjúkrun*, 58 (1), 12-16.
- Hirshi, T. (1969). *Causes of Delinquency*. Berkeley: University Press.

- Jessor, R., Chase, J. & Donovan, J. (1980). Psycho-social correlates of marijuana use and problem drinking in a national sample of adolescents. *American Journal of Public Health, 70*, 604-613.
- IMG Gallup (2001). *Áfengis- og vímuvarnaráð: Rannsókn á áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga nóvember/desember 2001*.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson (1997). Áfengi, aldur og vímuefnaneysla. *Tímaritið Áhrif af vettvangi vímuefnamála, 2*, 4-8.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. Óbirt gögn sem eru væntanleg til birtingar.
- Kandel, D. (1978). Homophily, selection, and socialization in adolescent friendship. *American Journal of Sociology, 84*, 427-436
- Kandel, D. B., Kessler, R. C. and Margulies, R. Z. (1978). Antecedents of adolescent initiation into stages of drug use: A developmental analysis. In D. B. Kandel (editor), *Longitudinal research on drug use: Empirical findings and methodological issues* (page 73-99). Washington DC: Hemisphere.
- Lightfoot, C. (1997). *The Culture of Adolescent Risk Taking*. New York: The Guilford Press.
- Mead, G. H. (1934). *Mind, self and society*. Chicago: University of Chicago Press.
- Osgood, D. W., Wilson, J. K., O'Malley, M., Backman, J. G. and Johnston, L. D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review, 50*, 547-560.
- Rannsóknir og greining, 2003. *Óbirt gögn úr ESPAD könnuninn 2003*. Kynnt á blaðamannafundi 30. október 2003.
- Rannsóknir og greining, 2002. *Tölulegar upplýsingar í myndvinnslu*.

Rannsóknir og greining, 2000. *Könnun meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi: grunnniðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi haustið 2000.*

Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Eyrún M. Rúnarsdóttir (1997). *Áhættuhegðun reykvískra unglunga: Tóbaksreykingar, áfengisneysla, hassneysla og neysla annarra vímuefna árin 1994-1996.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson (2001). Adolescents' Perceived Parenting Styles and Their Substance Use: Concurrent and Longitudinal Analyses. *Journal of Research on Adolescence*, 11(4), 401-423.

Spurningaskema, lagt fyrir umsjónarmenn stuðningshópanna í janúar 2003.

Sutherland, E.H. (1947). *Principles of criminology*. (4.útg) Chicago: Lippincott

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2003). *Utanskólarannsókn: félagslega staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum.* Reykjavík: Rannsóknir og greining

Thorlindsson, Th. og Vilhjalmsón, R. (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 102(26), 399-418.

Viðtöl tekin við nemendur í skóla A og skóla B haustið 2002.

Wilhelmsen, B. U., Laberg, J. C. og Aas, H. (1998). Alcohol Outcome Expectancies in Adolescence. *Psychology and Health* 13, 1037-1044.

Þóroddur Bjarnason (2003). *Ertu að fara elsku vinur? Framtíðarsýn íslenskra unglunga og viðhorf þeirra til heimahaganna 1992-2003.* Fyrirlestur haldinn á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri 19. september 2003.

Eyjaverkefnið: Áfengis- og vímuefnaneysla ungs fólks á aldrinum 16 til 17 ára

Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1999). *Þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglinga: yfirlit yfir niðurstöður íslenskra rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-1999*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (2003). Youth Culture, Peers and Substance Use. Óbirt grein. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem neytu vímuefna eftir því hve oft þeir eru með foreldrum sínum á virkum dögum.	bls. 10
Mynd 2. Þróun sjálfsmýndar.	bls. 13
Mynd 3. Kynjaskipting.	bls. 40
Mynd 4. Áfengisneysla eftir kyni: Hlutfall þeirra sem segjast hafa drukkið áfengi á síðastliðnum 30 dögum.	bls. 41
Mynd 5. Áfengisneysla: hlutfall þeirra sem hafa drukkið áfengi á síðustu 30 sögum eftir skóla og kyni.	bls. 42
Mynd 6. Neysla á bjór, cider eða alcopop síðustu 30 dagana eftir kyni (fjöldi).	bls. 43
Mynd 7. Neysla á bjór, cider eða alcopop síðustu 30 dagana eftir kyni (hlutfall).	bls. 43
Mynd 8. Hlutfall nemenda í hverjum hópi sem fá vasapeninga skipt niður eftir skólum.	bls. 47
Mynd 9. Hlutfall nemenda voru með einkunnir um 8 eða hærra á samræmdum prófum eftir hópum í hvorum skóla.	bls. 50
Mynd 10. Hlutfall nemenda sem fengu einkunnir um 5 eða lægra á samræmdum prófum eftir hópum í hvorum skóla.	bls. 50
Mynd 11. Hlutfall nemenda sem fengu meðaltal á tilteknu bili.	bls. 57
Mynd 12. Hlutfall nemenda sem segjast einhvern tíman hafa notað tiltekin efni.	bls. 61
Mynd 13. Módel 1a	bls. 65

Mynd 14. **bls. 66**
Módel 1b

Mynd 15. **bls. 68**
Hlutfall nemenda í skóla A sem orðið hafa drukknir einhvern tíman á síðustu 30 dögum.

Mynd 16. **bls. 69**
Hlutfall nemenda í skóla B sem hafa einhvern tíman orðið drukknir á síðustu 30 dögum.

Mynd 17. **bls. 71**
Áhrif þess að flytja að heiman á áfengisneyslu.

Mynd 18. **bls. 71**
Meðaltal nemenda á Rosenberg-skalanum.

Töfluskrá

Tafla 1. **bls. 21**
Þýði, úrtak og brottfall.

Tafla 2. **bls. 21**
Þátttakendur: fyrri og síðari fyrirlögn.

Tafla 3. **bls. 31**

Tafla 4. **bls. 32**
Áreiðanleikapróf (Alpha)

Tafla 5. **bls. 34**
Áreiðanleikapróf (Alpha)

Tafla 6. **bls. 35**
Áreiðanleikapróf (Alpha)

Tafla 7. **bls. 42**

Tafla 8. **bls. 44**
Búseta nemenda eftir hópum og skólum í prósentum (fjöldi)

Tafla 9. **bls. 45**
Hlutfall þeirra sem hafa ekki drukkið áfengi á síðustu 30 dögum eftir búsetu.

Tafla 10. **bls. 46**
Áfengisneysla utanbæjarnema síðustu 30 dagana eftir búsetu.

Tafla 11. Hve mikla vasapeninga, að meðaltali, færð þú á viku.	bls. 48
Tafla 12. Vinna með skóla.	bls. 48
Tafla 13. Viðhorf til skóla.	bls. 51
Tafla 14. Hversu vel kemur þér saman við bekkjarféлага þína?	bls. 52
Tafla 15. Viðhorf til námsins.	bls. 52
Tafla 16. Viðhorf til námsins fyrir nemendur í skóla B.	bls. 53
Tafla 17. Viðhorf til námsins fyrir nemendur í skóla A.	bls. 53
Tafla 18. Foreldarlaus partý.	bls. 54
Tafla 19. Staða í námi.	bls. 54
Tafla 20. Stuðningur foreldra.	bls. 55
Tafla 21. Aðhald foreldra.	bls. 55
Tafla 22. Viðhorf til áhrifa áfengisneyslu.	bls. 56
Tafla 23. Svör nemenda við vinarhópsskala.	bls. 57
Tafla 24. Rosenbergskalinn	bls. 58
Tafla 25. Hlutfall þeirra sem hafa drukkið áfengi 1 sinni eða oftar síðustu 30 daga (%).	bls. 58
Tafla 26. Áfengisneysla síðustu 30 daga óháð hópum (%).	bls. 59

Tafla 27. Hlutfall nemenda sem orðið hafa drukknir síðustu 30 daga (%).	bls. 59
Tafla 28. Hve mikið af bjór, cider eða alcopop drukkið í hvert skipti (%).	bls. 60
Tafla 29. Hve mikið af léttvíni drukkið í hvert skipti (%).	bls. 60
Tafla 30. Hve mikið af sterku víni drukki í hvert skipti (%).	bls. 61
Tafla 31. Hlutfall nemenda sem hafa neytt ólöglegra vímuefna (%).	bls. 62
Tafla 32. Hassneysla (%).	bls. 63
Tafla 33. Viðhorf til heimabyggðar.	bls. 63
Tafla 34. Viðhorf til skólasvæðis.	bls. 64
Tafla 35. Marktæk fylgni milli breyta.	bls. 64
Tafla 36. Aðhvarfsgreining.	bls. 66
Tafla 37. Hvaða áhrif hefur það (ef einhver) að flytja að heiman haft á áfengis- neyslu þína? Svör nemenda úr skóla B.	bls. 70
Tafla 38. Hvaða áhrif hefur það (ef einhver) að flytja að heiman haft á áfengis- neyslu þína? Svör nemenda úr skóla A.	bls. 70

Viðauki

Eyjaverkefnið

Samstarfsverkefni milli Álandseyja, Færeyja, Grænlands og Íslands

**Spurningalisti lagður fyrir nýnema í
Fjölbrautaskóla norðurlands vestra á Sauðárkróki,
Menntaskólanum á Akureyri og
Verkmenntaskólanum á Akureyri**

Trúnaðarmál

Áfengis- og vímuvarnaráð

september 2002

Kæri þátttakandi í Eyjaverkefninu.

Þessi spurningalisti er hluti af Eyjaverkefninu sem er samstarfsverkefni Álandseyja, Færeyja, Grænlands og Íslands og nær til nýnema í framhaldsskólum, sérstaklega þeirra sem þurfa að sækja skóla fjarri heimabyggð. Verkefnið hlaut styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Spurningalistinn er nafnlaus og útilokað að rekja svör til einstakra nemenda. Útfylltum listum þarf að skila í lokaðan kassa og mikilvægt er að engin nöfn eða kennitölur séu skrifuð á þá. Sami spurningalisti verður lagður fyrir sama hóp í desember nk.

Spurningarnar eru ekki próf. Einu réttu svörin eru þau sem þér finnst eiga best við þig. Vinsamlegast svaraðu eftir bestu getu. Ef þér finnst enginn svarmöguleiki eiga við þig er betra að þú veljir skásta kostinn en engan.

Mikilvægt er að lesa spurningarnar vel áður en svarað er til að forðast misskilning. Við hverja spurningu stendur hvernig þér ber að merkja við, því er mikilvægt að lesa einnig þau fyrirmæli. Settu kross í reitinn við það svar sem þú hefur valið. Ef þú þarft að leiðrétta svar er best að stroka krossinn alveg út eða fylla alveg upp í reitinn.

Ef þú þarft aðstoð er best að rétta upp höndina og loka listanum. Aðstoðarmaður kemur þá til þín með útfylltan lista þar sem hægt er að skoða spurningar án þess að þú þurfir að sýna þín svör.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Þórólfur Þórlindsson
Þorgerður Ragnarsdóttir
Þórunn Steindórsdóttir
Elín Þorgeirsdóttir

1. Ert þú strákur eða stelpa?

Merktu aðeins við **einn** reit

- stelpa
- strákur

2. Í hvaða skóla ertu?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki.
- Menntaskólanum á Akureyri.
- Verkmenntaskólanum á Akureyri.

3. Hverjir eftirtalinna búa heima hjá þér? (Fyrir utanbæjarnemendur: Hér er átt við þann stað sem þið ólust upp á og búa á þegar þið eru ekki í skólanum).

Merktu **allt** sem við á

- Faðir eða fósturfaðir.
- Móðir eða fósturmóðir.
- Systkini
- Afi og/eða amma.
- Aðrir ættingjar.
- Aðrir mér óskyldir.

4. Hvar býrðu á meðan þú ert í skólanum?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Heima hjá foreldrum mínum.
- Heima hjá öðrum ættingjum.
- Á heimavist.
- Ein(n) í leiguhúsnaði.
- Í leiguíbúð með vini / vinum mínum.
- Með systkinum mínum í leiguhúsnaði.

5. Hve mikla vasapeninga (peningar sem þú getur eytt í hvað sem þú vilt), að meðaltali, færð þú á viku?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Ég fæ enga vasapeninga.
- Minna en 5000 kr.

- 5000-10000 kr.
- 10000-15000 kr.
- Meira en 15000 kr.

6. Hvað vinnur þú að jafnaði marga tíma í launaðri/ólaunaðri vinnu í viku?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Er ekki í vinnu
- 5 klst. eða færri.
- 6-10 klst.
- 11-15 klst.
- 16-20 klst.
- 21-25 klst.
- 26-30 klst.
- Meira en 30 klst.

7. Hvaðan færðu þá peninga sem þú notar til daglegra þarfa?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Nær allt	Mest	Sumt	Nær ekkert	Ekkert
a) Af launum vegna vinnu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Frá foreldrum mínum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Af örorkubótum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Af fjárhagsaðstoð sveitafélaga	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Af greiðslu vegna fæðingarorlofs	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Af skólastyrkjum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Á annan hátt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

8. Á hvaða bili voru einkunnir þínar á samræmdu prófunum?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Um 10
- Um 9
- Um 8
- Um 7
- Um 6
- Um 5 eða lægra

9. Hversu ánægð(ur) ertu með skólann sem þú valdir?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Mjög ánægð(ur).
- Frekar ánægð(ur).
- Veit ekki
- Frekar óánægð(ur).
- Mjög óánægð(ur).

10. Hversu vel kemur þér saman við bekkjarfélaga þína?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Mjög vel.
- Frekar vel.
- Veit ekki.
- Frekar illa.
- Mjög illa.

11. Hve oft gerir þú eitthvað skemmtilegt með skólafélögum þínum?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Nær aldrei.
- Sjaldan.
- Stundum.
- Oft

12. Hve oft gerir þú eitthvað skemmtilegt með vinum þínum um helgar og í skólafríum? (Hér er átt við vini frá heimabyggð þinni, æskuvinina)

Merktu aðeins við **einn** reit

- Nær aldrei.
- Sjaldan.
- Stundum.
- Oft.

13. Hve oft hefur þú verið í foreldralausu partýi?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Aldrei.
- Einu sinni.
- 2-4 sinnum.
- 5 sinnum eða oftar.

14. Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við þig?

Svaraðu öllum liðum en merktu aðeins við einn reit í hverjum lið

	Á nær alltaf við um mig	Á oft við um mig	Á stundum við um mig	Á sjaldan við um mig	Á nær aldrei við um mig
a) Mér finnst námið tilgangslaust	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Mér leiðist námið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Mér finnst ég illa búin(n) undir kennslustundir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Mér finnst námið vera of létt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Mér finnst námið vera of þungt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Mér líður illa í skólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Mig langar að hætta í skólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Mig langar að skipta um skóla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Mér semur illa við kennarana	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

15. Skrópar þú úr kennslustundum?

Merktu aðeins við einn reit

- Nær aldrei
- Sjaldnar en einu sinni í mánuði
- Í hverjum mánuði
- Í hverri viku
- Næstum daglega

16. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknu núverandi námi?

Svaraðu öllum liðum en merktu aðeins við einn reit í hverjum lið

	Mjög ólíklegt	Fremur ólíklegt	Fremur líklegt	Mjög líklegt
a) Fer í háskólanám	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Fer í iðnnám eða verknám	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Fer að vinna	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Annað. Hvað? _____	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

17. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Mjög sammála	Fremur sammála	Fremur ósammála	Mjög ósammála
a) Foreldrum mínum finnst mikilvægt að ég standi mig vel í námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Mér finnst mikilvægt að standa sig vel í námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Kennarar í mínum skóla leggja mikla áherslu á að nemendur standi sig vel í námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

18. Hversu vel telur þú þig standa í námi miðað við jafnaldra þína?

Merktu aðeins við **einn** reit

- Frábærlega, ég er líklega ein(n) af þeim bestu
- Vel yfir meðallagi
- Yfir meðallagi
- Í meðallagi
- Undir meðallagi
- Töluvert undir meðallagi
- Illa, ég er líklega ein(n) af þeim slökustu

19. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá eftirtalið hjá foreldrum þínum?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Mjög erfitt	Frekar erfitt	Frekar auðvelt	Mjög auðvelt
a) Umhyggju og hlýju.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Samræður um persónuleg málefni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Ráðleggingar varðandi námið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Peninga.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

20. Hve mikilvægt er að fá eftirfarandi hluti frá foreldrum þínum?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Skiptir miklu máli	Skiptir frekar miklu máli	Skiptir litlu máli	Skiptir engu máli
a) Umhyggju og hlýju.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Samræður um persónuleg málefni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Ráðleggingar varðandi námið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Peninga.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

21. Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um foreldra þína?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Á nær alltaf við	Á oft við	Á stundum við	Á sjaldan við	Á nær aldrei við
a) Foreldrar mínir ætlast til að ég reyki ekki	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Foreldrar mínir ætlast til að ég drekki ekki fyrir en ég næ áfengiskaupaaldri (20 ára)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Foreldrum mínum er í mun að virða gildandi lög og reglur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Foreldrar mínir bjóða mér áfengi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Foreldrar mínir kaupa fyrir mig áfengi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

22. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá eftirtalið hjá vinum þínum?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Mjög erfitt	Frekar erfitt	Frekar auðvelt	Mjög auðvelt
a) Umhyggju og hlýju.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Samræður um persónuleg málefni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Ráðleggingar varðandi námið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Peninga	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

23. Hversu vel eiga eftirfarandi staðhæfingar við um tilfinningar þínar til

vinahópsins? Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Á mjög vel við um mig	Á frekar vel við um mig	Á frekar illa við um mig	Á mjög illa við um mig
a) Mér finnst ég ekki falla inn í neinn hóp	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Mig langar mikið að falla inn í tiltekinn hóp	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Stundum geri ég hluti sem ég annars myndi ekki gera til að falla inn í tiltekinn hóp	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Mér finnst ég valdamikill í vinahópnum mínum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Mér finnst vinir mínir stjórna mér	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Ég fæ stuðning frá vinahópnum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Ég er örugg(ur) í vinahópnum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Vinir mínir eru góðir vinir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Ég á auðvelt með að eignast nýja vini	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
j) Ég á auðvelt með að eignast vin af gagnstæðu kyni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

24. Hve vel eiga eftirtaldar staðhæfingar við um þig og vínahóp þinn?

Svaraðu öllum liðum en merktu aðeins við einn reit í hverjum lið

	Á mjög vel við um mig	Á frekar vel við um mig	Á frekar illa við um mig	Á mjög illa við um mig
a) Næstum allir mínir vinir drekka	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Vinahópurinn er nýjungagjarn og alltaf til í að prófa nýja hluti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Það að tilheyra hópnum þýðir í raun einn fyrir alla, allir fyrir einn	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Vinahópurinn fer út að skemmta sér nánast um hverja helgi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Þegar vinirnir fara út að skemmta sér fylgir nær alltaf áfengisneysla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Vinahópnum finnst töff að drekka	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Vinahópurinn drekkur nær alltaf á skemmtunum á vegum skólans	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Margir af vinum mínum hafa prófað að nota kannabis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Vinahópurinn hittist oft heima hjá hver öðrum til þess að „detta í það“	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
j) Ég get farið út með vinum mínum án þess að drekka áfengi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
k) Sá sem ekki vill drekka áfengi er talinn óeðlilegur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
l) Vinahópurinn verður alltaf mikið drukkinn	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
m) Ef einhver í vinahópnum verður ofurölvi reyna hinir í hópnum að fá hann til þess að hætta að drekka	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
n) Það er erfitt að nálgast einhvern sem maður hefur áhuga á ef maður drekkur ekki	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

25. Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig?

Svaraðu öllum liðum en merktu aðeins við einn reit í hverjum lið

	Á mjög vel við um mig	Á frekar vel við um mig	Á frekar illa við um mig	Á mjög illa við um mig
a) Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Mér finnst ég hafa marga góða eiginleika.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnaður/misheppnuð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Mér finnst það ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) Ég hef jákvæða afstöðu til mín.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) Þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h) Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i) Stundum finnst mér ég vera til einskis nýt(ur).	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
j) Stundum finnst mér ég einskis virði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

26. Hér fara á eftir nokkrar spurningar um líðan þína og heilsu síðustu vikur.

Gjörðu svo vel að svara spurningunum með því að draga hring um það svar sem þér finnst best eiga við þig.

1. Getað einbeitt þér að því sem þú hefur verið að gera?	1 Betur en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Ver en vanalega	4 Miklu ver en vanalega
2. Átt erfitt með svefn fyrir áhyggjum?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
3. Fundist þú vera til gagns?	1 Meira en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Ekki eins mikið og vanalega	4 Miklu minna en vanalega
4. Fundist þú vera fær um að taka ákvarðanir?	1 Færari en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Síður en vanalega	4 Miklu síður en vanalega
5. Fundist þú vera stöðugt undir álagi?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
6. Fundist erfitt að ráða fram úr vandamálum þínum?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
7. Geta notið þess sem þú gerir daglega?	1 Meira en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Minna en vanalega	4 Miklu minna en vanalega
8. Getað horfst í augu við erfiðleikana?	1 Betur en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Ver en vanalega	4 Miklu ver en vanalega
9. Verið vansæl(l) og niðurdreginn(n)?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
10. Verið að missa trú á sjálfan(n) þig?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
11. Hugsað um þig sem einskisverða persónu?	1 Alls ekki	2 Ekki meira en vanalega	3 Heldur meira en vanalega	4 Miklu meira en vanalega
12. Verið sæmilega ánægð(ur) þegar á allt er litið?	1 Meira en vanalega	2 Eins og vanalega	3 Minna en vanalega	4 Miklu minna en vanalega

27. Eftirfarandi spurningar eru um íþróttir og líkamsrækt.

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Nær aldrei	Sjaldnar en 1 sinni í viku	1 sinni í viku	2 til 3 sinnum í viku	4 til 5 sinnum í viku	Svo til á hverjum degi
a) Hversu oft tekur þú þátt í íþróttum og líkamsþjálfun í skólanum, fyrir utan skyldutíma (leikfimitíma)?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Hve oft stundar þú íþróttir eða æfingar, hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

28. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú reykt sígarettur um ævina?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Aldrei	1 til 2 sinnum	3 til 5 sinnum	6 til 9 sinnum	10 til 19 sinnum	20 til 39 sinnum	40 sinnum eða oftar
a) Sígarættur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Munntóbak	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Annað tóbak	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

29. Hve mikið (Ef nokkuð) hefur þú reykt að jafnaði SÍÐUSTU 30 DAGA?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Ekkert	Minna en ein sígarætta eða skammtur á viku	Minna en ein sígarætta eða skammtur á dag	1 til 5 sígarættur eða skammta á dag	6 til 10 sígarættur eða skammta á dag	11 til 20 sígarættur eða skammta á dag	20 eða fleiri sígarættur eða skammta á dag
a) Sígarættur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Munntóbak	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Annað tóbak	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

30. Hve oft (ef nokkru sinni) síðustu 30 daga hefur þú drukkið einhvern af eftirfarandi drykkjum?

Svaraðu **öllum** liðum en merktu aðeins við **einn** reit í hverjum lið

	Aldrei	1 til 2 sinnum	3 til 5 sinnum	6 til 9 sinnum	10 til 19 sinnum	40 sinnum eða oftar
a) Bjór (4% eða sterkari), cider eða alcopop	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Léttvín	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Sterkt áfengi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

